25. fundargerð.

Sunnudaginn 11 des 1932 var fundur haldinn í Kvenfjelagi Hvammstanga; í húsi Sig. Pálmasonar.
Formaður setti fund, og hóf máls á því, hvort ekki mundi ráðlegast að leysa upp hið gamla fjelag, sem ekki, hefði starfað um tíma undanfarið, vegna ýmislegra annmarka. Eftir nokkrar umræður fór fram atkvæðagreiðsla um málið og var það samþykt með öllum greiddum atkvæðum.
Þarnæst var tekið fyrir að ráðstafa eignum fjelagsins, en það var peninga upphæð í sparisjóði V. H.
Eftir nokkrar umræður kom fram sú tillaga í málinu að peningar þessir skyldu standa inni í sparisjóðnum þar til er annað kvenfjelag yrði stofnað, og skyldi það þá fá þessa peninga til eignar og umráða ásamt gjörðabók þessari.
Var að því loknu fundi slitið og

fjelaginu um leið.

Hólmfríður Jónsdóttir
ritari

# Gjörðabók
## kvenfélagsins Tilraun.
á
Hvammstanga.

## 1. Fundargerð

Sunnudaginn 15 des 1932 var
stofnfundur að nýju kvenfjelagi
haldinn í húsi Sig Pálmasonar á
Hvammstanga.
Stofnendur voru:
Frú Steinvör Benónýsdóttir.
Frú Guðrún Sveinsdóttir.
Frú Ingibjörg Sigurðardóttir.
Frú Elín Pjetursdóttir.
Frú Þorbjörg Sigurðardóttir.
Ungfrú Þóra Sveinbjörnsdóttir
Ungfrú Jónína Baldvinsdóttir.
Frú Hólmfríður Jónsdóttir.
Með því að von var á fleirum á næsta
fundi, en aðkallandi málefni lá fyrir,
fóru ekki fram endanlegar stjórnar-
kosningar í þetta sinn, en í bráða-
byrgðastjórn voru þar nefndar frú
Steinvör Benónýsdóttir formaður og gjald-
keri og frú Hólmfríður Jónsdóttir ritari.
Málefni það sem fyrir lá, var um samtök
til að halda barnaskemtun milli jóla

og nýárs, var það samþykt í einu hljóði og kosin nefnd til framkvæmda í málinu. Kosningu hlutu frú Steinvör Benónýsd. Ingibjörg Sigurðard. Guðrún Sveinsd. og Hólmfríður Jóns. Þá var kosin nefnd til að semja lög fyrir fjelagið, kosnar voru frú Steinvör Benónýsd. ungfrú Jónína Baldvinsdóttir og Hólmfríður Jónsdóttir.

Þá var nú eftir að gefa hinu nýja fjelagi nafn og var stungið upp á mörgum nöfnum; svo sem: Harpa, Áróra, Tilraun, Dagsbrún, Hekla, Drífandi, Framtíð, Mjála, Var dregið um nöfnin og kom upp „Tilraun"; er það því niður komið nafn hins nýja kvenfjelags á Hvammstanga.

Þá var fundi slitið.

Hólmfríður Jónsdóttir.

# Lög Kvenfjelagsins „Tilraun".

## 1. gr.

Fjelagið heitir ~~„Tilraun"~~

frá 14/2 - 1943 „Kvenfélagið Hvammstanga

## 2. grein

Stjórn félagsins skipa 3. konur, formaður, ritari og gjaldkeri. Þrjár konur skulu og kosnar til vara.
Kjörtímabil þeirra er 3. ár, þannig að ein kona gengur úr stjórninni árlega, (með hlutkesti fyrstu 2 árin) og er þá önnur kona kosin í hennar stað, ásamt varakonu. Fer kosningin fram á aðalfundi félagsins.
Biðjist stjórnarkona undan endurkosningu, þegar hún hefir endað sitt kjörtímabil, skal ekki heimilt að kjósa hana í stjórnina næstu 3, ár.

en þeir skulu haldnir.

Formaður stjórnar sjálf aðalfundi og lætur sjer ant um hag fjelagsins allan og velferð.

Gjaldkeri innheimtir og varðveitir peninga fjelagsins og leggur þá á sjóð einnig geymir hann alla reikninga og hefir á hendi útborganir.

Ritari bókar fundargerðir og

annað er rita þarf í þágu fjelagsins og geymir fundagerðabók.

4. gr.

Aðalfund skal halda í janúar-mánuði ár hvert, skal þá gjalda árgjald leggja fram ársreikninga fjelagsins, lesa upp lög þess og fl. að öðru leiti skal aðalfundur vera skemtifundur öðrum fremur.

5. gr.

Fundi skal halda eigi sjaldnar en einusinni í mánuði að vetrinum, skal jafnan kjósa 2-3 konur á hverjum fundi til að halda uppi umræðum, upplestri eða öðrum gleðskap á þeim næsta.

6. gr.

Árlega skal kjósa nefnd til að yfirfara reikninga fjelagsins og leggja þá fram á aðalfundi til undirskrifta.

7. gr.

Fjelagið skal á hverjum vetri hafa með höndum starf nakkurt; skal það afla tekna með eigi minna en einni skemtun á ári.

8. gr.

Tekjum fjelagsins skal verja samkvæmt fundarsamþyktum, og samkvæmt stefnuskrá fjelagsins.

9. gr.

Inntöku geta konur fengið í fjelagið á hvaða fundi þess, sem vera skal, með samþykki meirihluta mættra fjelagskvenna, og skulu þær þá gjalda inntökugjald; en úrsagnir sem skulu vera skriflegar, eru aðeins teknar gildar á aðalfundi

og les formaður þar á upp í áheyrn fjelagskvenna.

10. gr.

Mál, sem fram koma í fjelaginu og rædd eru á fundum þess, skulu meðhöndluð sem einkamál utan fjelags

11. gr.

~~Ef einhver kona verður ber að lögbrotum eða sviksamlegu athæfi við fjelagið skal hún vera brottræk úr fjelaginu og skal henni tilkynt það, ásamt brottrekstrarsök, bréflega.~~

12 gr.

Árgjald skal vera ~~2.00~~ 5,00 króna og inntökugjald ~~eins~~ 10,00 kr

frá 14/2 - 1943 (aðalfund) ~~árgjald kr. 2.~~ —

Á aðalfundi 1950 var ákveðið að árgjald sé 5 kr og inntökugjald 10,00 kr

13. gr.

Ef ein eða fleiri fjelagskvenna æskir fundar, að gefnu tilefni skal formaður skyldur að verða við þeirri ósk og boða til fundar.

Þorbjörg Sigurðardóttir
Steinunn H. Benónísdóttir
Hólmfríður Jónsdóttir
Guðrún Sveinsdóttir
Jónína Baldvinsdóttir
X ~~Þórunn Sveinbjörnsdóttir~~
Ingibjörg S. Jónasdóttir
X ~~Vigdís Ingimarsdóttir~~
X ~~Kristín Jónsdóttir~~
Lilja Jakobsdóttir
Jórunn Jakobsdóttir
Karólína Jóhannesdóttir
X Sólveig Sigurbjörnsdóttir
X Ingibjörg Sigurðardóttir
Margrét Jóhannesardóttir
Jósefína Guðmundsson

Ingibjörg Jónsdóttir Hvammstanga
Guðrún S. Stefánsdóttir Hvammstanga
[illegible] Jónsdóttir Hvammstanga
Þóra Sigvaldadóttir Hamri
Anna Guðmundsdóttir Laugabóli
Þorbjörg Ólafsdóttir Hvammstanga.
B. Marta Albertsdóttir Hvammstanga
Jakobína Bergsveinsdóttir Hvammstanga
Ingigerður G. Daníelsdóttir Sólandi
Sigríður Benny Guðjónsdóttir Ási Hvammstanga
Marta Ágústsdóttir
Elsa Bjarnadóttir Hvammstanga
Guðrún Jónasdóttir Hvammstanga
Kristín Gunnarsd. Hvammstanga
Halldóra Kristinsd. Helguhvammi
Sigurbjörg Friðriksd Hvammstanga
Elísabet Ólafsdóttir Miðtúni Hvammstanga
Náttfríður Jósafatsdóttir Hvammstanga
Jóhanna Björnsdóttir Hvammstanga
Helga Ágústsdóttir. Hvammstanga.

## 2. Fundargerð

19. febrúar 1933 var fundur haldinn
í húsi Sig Pálmasonar á Hvammstanga
8 konur mættu.
Formaður setti fundinn og nefndi
Þorbjörgu Sigurðardóttur til fundarstjóra,
þá kom fram nefnd sú er falið
hafði verið að semja lög fyrir
félagið, lagði hún fyrir fundinn 11
lagagreinar, voru þær lesnar upp
og samþyktar með litlum breytingum
eftir nokkrar umræður og 2 greinum
bætt við svo þær urðu alls 13.
Þá var gengið til kosninga; var kosið
skriflega og féllu atkvæði þannig
að frú Sigríður Auðuns var kosin
formaður með 6 atkvæðum,
frú Steinvör Benónýsdóttir gjaldkeri
með 6 atkvæðum, og Hólmfríður
Jónsdóttir ritari með 6 atkvæðum.
Þvínæst voru kosnar í varastjórn
þær, Þorbjörg Sigurðardóttir m. 6
frú Guðrún Sveinsdóttir m. 6

og fröken Jónína Baldvinsdóttir
með 5 atkvæðum.
Þá var fundarhlé í 20 mín. og var
þá drukkið kaffi og rætt eitt og
annað til skemtunar.
Síðan var fundur settur á ný
og ræddu konur þá um húsnæði
fyrir fundi. Bauð frú Steinvör
Benónýsdóttir húsnæði framvegis
sem hingað til, en þar eð konum fanst
það ekki réttlátt að hún legði það
til að öllu, buðust þær til að hafa
sína fundina hver heima hjá sér.
Þá stóð frú Sigríður Auðuns
upp og þakkaði fundarkonum
fyrir það traust er þær hefðu auð-
sýnt sér með því að velja hana
til formanns, kvaðst hún vona
að þær þyrftu ekki að verða
fyrir altof miklum vonbrigðum.
Fundarkonur svöruðu með því
að óska frúnni til hamingju og
bjóða hana velkomna í sinn
hóp. Þá var fundi slitið.

Hólmfr. Jónsd.

3. Fundargerð.

16. April 1933 var kvenfélagsfundur í
læknishúsinu á Hvammstanga.
Mættar voru 6 félagskonur.
Aðalverkefni fundarins var að taka
ákvörðun, út af tilboði, sem félaginu
hafði borist, um að senda eina
konu til Blönduóss á námskeið, sem
haldið skyldi þar á kvennaskólanum
Var rætt um málið stundarkorn og
kom þá frú Steinvör Benónýsd.
með þá uppástungu að einni
félagskonunni Elínu Pétursdóttur
skyldi boðið að fara, og ferð hennar
kostuð af félagssjóði.
Fundarkonur tóku þessari tillögu
mjög vel og var hún samþykt
með öllum atkvæðum.
Fleira gerðist ekki; fundi slitið.

Hólmfríður Jónsd.

4. Fundargerð

25. maí 1933 var fundur haldinn af kvenfélaginu Tilraun í lækris-húsinu á Hvammstanga.
Formaður setti fund og nefndi Jónínu Baldvinsdóttur til fundarstjóra. Þá var og lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykt. Fundarstjóri bað þá Elínu Pétursdóttur að segja frá ferð sinni til Blönduóss, og gerði hún það þegar; talaði hún stundar korn, lýsti efni fyrirlestra sem haldnir voru á Blönduósi og sagði síðan frá því sem gert var til skemtunar.
Var þá vikið að öðrum málum, og kom frú Steinvör Benónýsdóttir með þá uppástungu að kvenfélagið beitti sér fyrir að komið væri upp vatnsmylnu til að mala korn- urðu nokkrar umræður um málið en enginn ákvörðun tekin.
Elín Pétursdóttir bar fram þá tillögu að kvenfélagið sendi K. V. H. áskorun um að koma upp einhverskonar iðju-rekstri svo sem: Saumastofu og tilmæli um að flytja tvist og band og annað er til vefnaðar heyrði.
Þá bárn þær frú Steinvör og frú Elín félaginu kveðju frá forstöðukonu kvennaskólans á Blönduósi; mæltist hún til að kvenfélagskonur sendu skólanum 1 pund af ull hver, á næsta hausti.
Var því vel tekið.
Fleira var ekki til umræðu. Fundi slitið
Hólmfr. Jónsd.

5. Fundargerð.

Þann 19 nóvember 1933 var fundur haldinn í kvenfélaginu „Tilraun“ í Læknishúsi á Hvammstanga. Formaður setti fund og nefndi til fundarstjóra Þarbjörgu Sigurðar-dóttur. Þá var lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykt. Læknisfrúin hóf máls á því að halda barnaskemtun, var það samþykt og rætt um hríð tilhögun og verka-skifting. Var samþykt að panta jólatré og pappír til körfugerðar og annað sem nauðsynlegt teldist Frú Sigríður A. tók að sér að panta pappírinn og skrautið en frú Steinrós jólatréð. Þá lagði frú Sigríður A. fram erindi frá Margrét Halldórs dóttur þess efnis að biðja kvenfélag-ið að beita sér fyrir að koma upp 2. kr. veltu, til ágóða fyrir styrkt-arsjóð sjúklinga á sjúkraskýlinu á Hvammstanga. Urðu nokkrar umræður um málið, og kom þá fram sú skoðun að heppilegra myndi að velta 1 kr en 2. Margrét Halldórsdóttir bað um leyfi að koma inn á fundinn og tala fyrir máli þessu. Var henni fúslega veitt það. Fjellst hún þegar á þá skoðun að fullt svo heppilegt væri að hafa aðeins krónuveltu, og þakkaði hún félagskonum fyrir einsamlegar undir-tektir í málinu. Vildi hún biðja þetta félag að hafa forgöngu alla um málið. Var gengið til atkvæða um hvort félagið vildi taka þetta að sér og var það samþykt með öllum atkvæðum, sömul. að hafa það 1 krónuveltu. Margrét Halldórsdóttir stakk upp á frú Sigríði A til að taka á móti peningum þeim, er inn kæmu á þennan hátt. Var það samþykt og tók frúin það að sér.

Þá var kosin nefnd til að semja auglýsingar um þetta og dreyfa

þeim út. Kasnar voru frá Steinvör Ben. frá Sigríður Auðunns og H. J.
Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

H. J.

## 6. Fundargerð.

Kvenfélagið Tilraun hélt fund í Kaupfélagshúsinu á Hof. 12. des. 33. Form. setti fund og bað Jósínu Baldvinsdóttur að stjórna honum. Þá var lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykt.
Var þá tekið fyrir að ákveða, hvað dag barnaskemtunin skyldi haldin og var ákveðið að það skyldi vera fimtudaginn milli jóla og nýárs. Konur töluðu sig og saman um hvernig skift skyldi niður verkum við skemtunina, hvað hver ætti að baka og svo framvegis. Ákveðið var að auglýsa skemtunina og senda auk þess á öll heimili þar sem væru börn.
Eftir að umræðum lauk um þetta mál, komu fram óskir um að reynt væri að drífa upp skemtun fyrir almenning, var sú skoðun ríkjandi að best væri að leika litlum sjónleik, og væri æskilegast að kvenfélagskonur, gætu tekið sem flest hlutverkin sjálfar. Engin ákvörðun var tekin um hvenær x sú skemtun skyldi haldin.
Fleira var ekki til umræðu.

Fundi slitið

H. J.

## 7. Fundargerð.

4. marz 1934 var aðalfundur kvenfélagsins Tilraun settur og haldinn í Læknishúsinu á Hvammstanga. Mættar voru 7 konur. Formaður stýrði fundinum. Var þá lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykt.
Þar næst lagði gjaldkeri fram reikn-

-inga félagsins til yfirlits.
Þá bar frú Steinvör Benónýsdóttir fram
erindi frá Kvenréttindafélagi Íslands, þar
sem það býður einni konu úr félaginu
Tilsamans að sækja landsfund kvenna
í Reykjavík í sumar. Var sú ákvörðun
tekin að þyggja boðið með þökkum.
Þá var árgjaldið greitt.
Því næst fóru fram kosningar og
féllu þar á þá leið að fyrverandi
stjórn var endurkosin og sömuleiðis
varastjórn og endurskoðendur.
Þá var hlé og veitti formaður öllum
þingheimi óspart kaffi.
Því næst var tekið til að ræða um
fyrir-hugaða skemtisamkomu, tilhögun
hennar og skemtiatriði.
Var afráðið að leika sjónleik og
reyna jafnframt að hafa skraut
sýningu og dans

Þá var fundi slitið

Hólmfr. Jónsdóttir

## 8. fundargerð.

Föstudag 6 apríl 1934 var fundur settur
og haldinn í læknishúsinu á
Hvammstanga. Form. nefndi
Þóru Sveinsbjörnsdóttur til
fundarstjóra.
Þá gerði gjaldkeri grein fyrir
inntektum og útgjöldum sem
orðið höfðu við skemmtun er
haldin hafði verið; töldust hreinar
tekjur af skemmtuninni kr. 100,00
Þá kom Guðrún Sveinsdóttir með
3 vísur, sem félaginu voru
sendar í tilefni af krónuveltu
sem það hafði sett á stað,
voru vísurnar lesnar upp til
skemmtunar.
Þá kom til orða að leika
aftur og bæta þá einhverju við
var þá talað um að sú skemmtun
yrði þá til ágóða fyrir kyrkju-
byggingarsjóð, var í sambandi við
það bollalagt ýmislegt um skraut

sýningar og þesshátta.
Þá höfðu fjelaginu borist
eyðublöð er safna skyldi
skýrslum á um heimilisiðnað
í hjeraðinu
Fleira var ekki tekið
fyrir og fundi slitið
Hólmfr. Jónsd.

9. fundargerð.

Þann 4. des 1934 var fundur
settur og haldinn í lækn-
húsinu á Hvammstanga
var umræðuefnið vantanl.
barnaskemmtun, og var hún
ákveðin milli jóla og nýárs,
komu konur sér saman um
að hjálpast að undirbúningi
skemmtunarinnar án þess
að nefndarkosning færi fram
þá deitti form. Kaffi og voru
fjörugar samræður undir
borðum. Þá var fundi slitið.
Hólmf. Jónsd.

10. fundargerð.

Föstudag 24 jan 1935 var aðal
fundur settur og haldinn í
læknishúsinu á Hvammstanga
Guðrún Sveinsdóttir var kjörin
fundarstjóri.
7. konur voru mættar.
Reykningar fjelagsins lagðir
fram og endurskoðaðir og
síðan samþykktir.
Þá voru ársgjöld greidd.
Síðan var rætt um iðnsýn-
ingu er í ráði var að koma
upp á næsta vori, voru
konur hvattar til að vinna
eitthvað er sýningar hæfi
þætti.
Þá var kosið í stjórn,
og var hún hin sama og áður
allar konurnar hlutu 6 atk.
hver. Þar að auki hlaut frú
Guðrún Sveinsdóttir 3 atkvæði
Fundi slitið. Hólmf. Jónsd.

## 11. fundargerð.

Þann. 28. nóv. 1935 var fundur haldinn í læknis húsinu á Hvammstanga til undirbúnings hinni árlegu barnaskemmtun, var samþykkt að allir hjálpuðust að við framkvæmd hennar. Einnig barst það í tal að æski-legt væri að allir gætu fengið góðgerðir, þeir er kæmu að horfa á börnin og skemmta sér með þeim.
Eftir vanda veitti formaður fundarkonum rausnarlega í fundarlok.

Fundi slitið.

Hólmfr. Jónsd.

## 12. fundargerð.

Þann. 20. jan 1936 var fundur haldinn í læknishúsinu á Hvammst. var það aðalfundur.
Reikningar félagsins lagðir fram og samþykktir.
Árgjöld greidd.
Stjórn endurkosin.
Að þessu loknu veitti form. kaffi og skemmtu konurnar sér við samræður langa hríð

Fundi slitið

Hólmfr. Jónsd

## 13. fundur

Þann 26 apríl 1936 boðaði varaform. til fundar í veitingahúsi Sveinbjarnar Jónssonar hér.
Fundarefni: áskorun sem send hafði verið frá Kvenfélagi Víðdælinga eða form. þess. áskorunin var þess efnis að halda skyldi iðnsýningu á Hvammstanga á næsta vori og skyldi kvenfélagið hér auglýsa það og gera sér alt far um að safna munum til sýningarinnar.
Var samþykkt að reyna af fremsta megni að hlynna að þessu máli.

Fundi slitið

Hólmf. Jónsd.

## 14. fundur

Þann 10. des 1936. var fundur haldinn í læknisbústaðnum á Hvammstanga.
Var fundarefni aðeins að tala sig saman um framkvæmd fyrir barna skemmtun er halda skyldi að vanda var talað um að hafa hana úr nýári og skyldu þá allir hjálpast að með undirbúning hennar skiftu konur að vanda milli sín bakstri til hennar.
Fleira var ekki rætt

Fundi slitið

Hólmf. Jónsd.

## 15. fundur

Þann 14. des. 1937 var fundur haldinn í veitingahúsinu Svaninum á Hvammstanga. Allar félagskonur mættu og höfðu flestar þeirra handavinnu með sér; var rætt um að hafa barnaskemmtun viku eftir nýjár, og skyldu allir nú sem áður hjálpast að með undirbúning og framkvæmd málsins.
Að því loknu var rætt um daginn og veginn, drukkið kaffi sagðar sögur og fl.
Fundi slitið
Hólmf. Jónsd.

## 16. Fundur.

Þann 15 apríl 1938 var aðalfundur haldinn í ~~veitin~~ læknishúsinu á Hvammstanga. Allar félagskonur voru mættar. Formaður stjórnaði fundinum, voru lesin upp lög félagsins og gjaldkeri gerði grein fyrir tekjum og gjöldum og lagði fram reikninga félagsins til endurskoðunar, voru þeir samþykktir. Þá fóru fram kosningar, var stjórnin endurkosin með öllum atkvæðum, endurskoðendur voru einnig kosnir fyrir næsta ár Jónína Baldvinsdóttir og Guðrún Sveinsdóttir.
Þá voru rædd ýms mál, svo sem undirbúningur undir væntanlega sýningu á heimilisiðnaði í héraðinu og var formanni falið að auglýsa hana í Tíma.
Talað var um að halda skemmtun með vorinu, en ekkert afráðið um það.
Þá var og rætt um vermireit félagsins og varð sú skoðun ofaná að réttast

vari að selja hann ef fari byðist en, aftur á móti skyldi hver kona koma upp litlum reit heima hjá sér, þar sem hún gæti annast hann sjálf.
Fleira var ekki til umræðu en kaffidrykkja og gleðskapur í fundarlok.

Hólmfr. Jónsd.

17 Fundur

2. maí 1938 var fundur haldinn, á símstöðinni á Hvammstanga, allar félagskonur voru mættar.
Formaður gerði þá fyrirspurn til þeirra hvort engin þeirra vildi gefa kost á sér til að sækja landsfund kvenna í Reykjavík sem boðið hafði verið til.
Varð það úr að frú Steinvör Benónýsdóttir gaf kost á sér til fararinnar skyldi hún fá ferðakostnað greiddan úr félagssjóði. Fleiri málefni lágu ekki fyrir fundinum en konur gerðu sér glaðan dag við kaffidrykkju og samræður í fundarlok.

Hólmfr. Jónsd.

18 Fundur

Þann 25. maí 1938 var fundur haldinn í Sigurðarhúsi á Hvammstanga, tilefni fundarins var að brunnið hafði bær Halldórs Ólafssonar hér og vildu félagskonur gjarnan rétta þeim hjálparhönd, var samþykkt að hefja fjársöfnun, þeim til handa í þorpinu og gefa úr kvenfélagssjóði 100,00 kr.
Fleira var ekki til umræðu en konur dvöldu þá um stund við kaffidrykkju og samræður.

Hólmfr. Jónsd

19 Fundur

var haldinn í læknishúsinu á Hvammstanga og þar lesið upp bréf, sem félaginu hafði borist frá kvenfélagi Staðarhrepps með tilkynning um að það félag hefði ákveðið að gefa Sjúkraskýlinu hér kr. 1000,00 og áskorun um að kvenfélagið Iðunn vildi leggja fram nokkurt fé á móti skyldi því varið til að kaupa Röntgentæki á Sjúkraskýlið.
Eftir nokkrar umræður var samþykkt að gefa kr. 500,00 úr félagssjóði.
Þá var skorað á konur að minnast sýningar þeirrar sem ákveðið var að stofna til að Lækjamóti í sambandi við sambandsfund Vestur Húnvetnskra kvenfélaga.
Þá var fundi slitið og gengið til kaffidrykkju og gleðskapar.
Hólmfr. Jónsd.

1 20. Fundur.

Fimmtudag 2. marz 1939 var fundur haldinn að Hvammi á Hvammst. mættar voru allar félagskonur 6. að tölu, þá höfðu 2 konur nýlega gengið úr félaginu utan funda og var önnur þeirra Formaðurinn Sigr. Auduns, er fluttist af staðnum.
Gestur var á fundinum frú Jónína Líndal frá Lækjamóti.
Fundarefni var að undirbúa útbreiðslufund í félaginu og var kosin í það nefnd Jónína Baldvinsd. Stein vör Benónýsd. Hólmfr. Jónsd.

Fundi slitið.

21. Fundur.

28. marz 1939. var fundur settur í Barnaskólanum á Hv.t.
Varaform. setti fundinn og stjórnaði honum. auk félagskvenna voru mættar aðeins 3 konur. Hólmfr. Jónsdóttir stóð upp. og talaði stundarkorn um tilgang félagsins starf þess og framtíð las upp lög þess og skýrði þau, að því búnu hélt Jónína Baldvinsdóttir tölu og talaði um gildi félagsskaparins. þá las H. J. upp bréf er henni hafði borist frá Forstöðukonu Kvennaskólans á Blönduósi þar sem boðið er einni konu úr hreppnum að dvelja 2 daga til kynningar á skólanum. Engin gaf sig þó fram til þeirrar farar á fundinum. og ekki varð af inntöku nýrra félaga á fundinum.

Fundi slitið

22. Fundur.

8. maí var fundur haldinn að Hvammi á Hvammstanga. Mættar voru 5 félagskonur og 2. nýjar bættust við á þeim fundi Ingibjörg Jónasdóttir og Vigdís Ingimarsdóttir og var inntaka þeirra samþykt með öllum atkvæðum. Þá voru árgjöld greidd. Kosin var ein kona til að fara með sýningarmuni, vestur á Reykjaskóla, raða þeim þar og gæta þeirra á sýningunni, kosningu hlaut Þorbjörg Sigurðardóttir. Hólmfríði Jónsdóttur var falið að mæta, sem fulltrúi frá félaginu Tilraun, á sambandsfundi Kvennabands Vestur Húnavatnssýslu þetta vor.
Þá las H. J. upp bréf, er borist hafði frá S. N. K. sem var tilkynning um sambandsfund og tilboð um að senda fulltrúa á hann.
Fleira var ekki til umræðu
Fundi slitið
Hólmfr. Jónsd.

23. fundur.

21. nóv. 1939 var fundur haldinn í húsi Sveinbjörns Jónssonar hér. 6 konur voru mættar. Varaformaður boðaði til fundarins og stjórnaði honum, var fundarefni að velja formann í stað Frú Sigríðar Auðunns sem flutti burtu í ársbyrjun. Jónína Baldvinsdóttir hlaut kosningu.
Þá var ákveðið að halda skyldi barnaskemmtun um hátíðarnar.
Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið
Hólmfr. Jónsd.

24. fundur.

Miðvikudaginn 7 feb. 1940 var aðal-
fundur haldinn í húsi Sig. Pálma
-sonar. Formaður stýrði fundinum
og nefndi til ritara Steinvöru Benó-
-nýsdóttur. Mættar voru 7 fundar-
konur, en eina vantaði. Fjórar
konur gengu í félagið á þessum
fundi: Frú Karólína ~~Benediktsdóttir~~ Jóhannsdóttir
Kristín Jónsdóttir og systurnar Lilja
og Jórunn Jakobsdætur. Formaður
las upp lög félagsins og voru þau
undirskrifuð. Síðan var árgjald
borgað og ræddu nú konur um
væntanlega sýningu á næsta
vori og svo möguleika á að halda
skemmtun seinna í vetur. Fjórar
konur voru kosnar til að athuga
þetta og skila áliti á næsta fundi.
Þá las formaður upp kvæði og
sögubrot og svöruðu konur með
dynjandi lófaklappi. Síðast voru
kosnar í skemmtinefnd, til næsta

fundar, þær Hólmfríður Jónsdóttir
og Vigdís Ingimarsdóttir. Formaður
sagði fundi slitið og skildu konur
með miklum kærleikum.

25. fundur.

Sunnudag 18. feb. 1940 var fundur haldinn
á Hótel Svaninum á Hvammstanga.
9 konur voru mættar og 2 nýjar konur
í félagið þær frú Solveig Sigurbjörnsdóttir
og ungfrú Guðbjörg Olsen.
Formaður setti fundinn og nefndi til
fundarstjóra Hólmfríði Jónsdóttur. Varð
þá greidd atkvæði um inntöku þessara
nýju félaga og voru allar hendur á lofti
og þær boðnar velkomnar. Þar næst var
kosin stjórn fyrir næsta starfsár og hlutu
þessar kosningu.

Frk. Jónína Baldvinsdóttir formaður
Frú Steinvör Benónýsdóttir gjaldkeri
Frú Solveig Sigurbjörnsdóttir ritari
Í varastjórn voru þessar kosnar.
Frú Karólína Jóhannsdóttir varaformaður
Frú Ingibjörg Jónasdóttir varagjaldkeri

Frú Guðrún Sveinsdóttir var ritari.
Þá kom fram álit frá nefnd
þeirri er kosin hafði verið á
næsta fundi á undan, til að athuga
möguleika á að halda skemmtun
hafði Frú Ingibjörg Jónasdóttir
orð fyrir þeim og talaði stundar
korn um það helsta sem hægt
væri að gera í því; sömuleiðis
talaði frú Steinvör Benónýsd.
og kom þeim saman um að
reyna að fá smáleik og ef með
þyrfti til uppfyllingar skrautsýn-
-ingu og upplestur að ógleymdum
dansinum.
Frú Steinvör bar félaginu kveðju
frá Frú Sigríði Auðunns.
Þá hóf frú Þorbjörg Sigurðardóttir
máls á því að væntanlega yrði
iðnsýning í vor og þá að líkind-
-um á Illugastöðum á Vatnsnesi.
Væri æskilegt að félagskonur gætu
eftir vanda tekið einhvern þátt
í henni. Frú Ingibjörg Jónasdóttir
gerði fyrirspurn um hvort formaður
hefði gert nokkrar ráðstafanir til
að útvega fundahús, með tilliti til
þess að útlit væri fyrir töluverða
fjölgun í félaginu, upplýsti form.
að ekki hefði verið gengið frá því
máli en ætlunin væri að fá barna
-skólastofuna leigða til fundahalda
Hólmfríður Jónsdóttir stakk upp á að
komið yrði á einskonar bazar eða
útsölu smáhluta, sem félagskonur
legðu fram ókeypis eða ynnu úr
efni, sem félagið legði til. Var gerður
góður rómur að því.
Fleiri málefni voru ekki fyrirliggj
-andi, svo frúin í húsinu bauð
öllum konunum til kaffidrykkju.
var þar glatt á hjalla um stund
og veitt af mikilli rausn. Þar til
klukkan kallaði allar þessar konur
heim, hverja að sínum verkahring.

Solveig Sigurbjörnsdóttir

## 26. fundur

Sunnudaginn 6. apríl 1940 var fundur haldinn á Símstöðinni á Hvammstanga. Formaður setti fundinn og bað frú Steinvöru Benónýs-dóttur að vera fundarstjóra, en hún nefndi aftur Hólmfríði Jónsdóttur fyrir skrifara, og las hún upp fundargerð síðasta fundar, sem var samþykkt. Formaður bað um inntöku fyrir eina konu í félagið, frú Rannveigu Guðmundsdóttur, og var hún lögleg tekin inn. Formaður bað skemtinefndina, sem starfandi hafði verið, að skýra frá árangri skemtunnar, sem haldin var samkvæmt fundarsamþykt. Inn komu kr. 106.50 fyrir leik og dans, kr. 48.– fyrir bazar. Tilkostnaður varð um kr. 30.–, fyrir hús og spilara, lagðar voru í sjóðsbók félagsins kr. 120.00. Lýstu konur yfir ánægju sinni með þessa útkomu. Þá kom fram uppástunga um að hafa saumanámskeið næsta vetur hér á staðnum, og var mikill áhugi fyrir því. Talað var um að þyrfti að hefja undirbúning í tæka tíð, og var kosin nefnd til að hrinda því í framkvæmd og afla ýmissra upplýsinga þar að lútandi. Nefndi formaður fyrst Karólínu Jóhannsdóttur, en hún tók með sér Steinvöru Benónýsdóttur, og hún aftur Hólmfríði Jónsdóttur. Þá var einnig talað um að nefndin kynnti sér möguleika á því að eignast smá vefstól, sem konur gætu fljótlega lært á og látið ganga sín á milli. Þá var kaffihlé, sem leið í glaum og gleði við gestrisni og alúð húsráðenda. Að því búnu var fundur settur á ný og þá ákveðið að einn fund skyldi halda enn á þessu vori og kosnar í skemtinefnd fyrir hann þær Jónína Baldursdóttir og Steinvör Benónýsdóttir. Þá skilaði fyrrverandi ritari félagsins Hólmfríður Jónsdóttir sjóðsbók félagsins í hendur formanni þess. Mælti Steinvör við það tækifæri nokkur viðurkenningarorð fyrir hönd stjórnarinnar, sem Hólmfríður þakkaði.

Fundi slitið.

Sólveig Sigurbjörnsdóttir

27. fundur.

Fimtudaginn 6. júní 1940 var fundur haldinn í gistihúsinu, Svaninum á Hvammstanga. Karólína Jóhannesdóttir, varaformaður, tilnefndi sem fundarstjóra Steinvöru Benónýsdóttur, og hún tilnefndi Sólveigu Sigurbjörnsdóttur sem fundarritara.

Teknar voru 3 konur inn í fjelagið með öllum greiddum atkvæðum, og voru þá alls mættar á fundi þessum 12 konur. Þær sem gengu inn í fjelagið voru þessar:

frú Margrét Jóhannesardóttir
– Ingibjörg Sigurðardóttir
og – Guðrún Sigurlaug Stefánsdóttir.

Hólmfríður Jónsdóttir skýrði frá fyrirhuguðum sambandsfundi Kvenfjelaganna í Vestur-Húnavatnssýslu, sem halda skyldi næstkomandi sunnudag að Illugastöðum á Vatnsnesi. Var áhugi fjelagskvenna mjög mikill fyrir að fjölmenna á fundi þessum, og var talað um, að æskilegt væri, að þær konur, sem hefðu einhverja fallega alíslenska handavinnu, tækju hana með sér og sýndu á fundinum bæði til gagns og gamans, enda þótt ekki væri um

opinbera sýningu að ræða. Eftir dálitlar umræður um ferðalagið fyrirhugaða, var fundi slitið.

Sólveig Sigurbjörnsdóttir.

28. fundur.

Þ. 24. október 1940 var fundur haldinn í Verklýðshúsinu á Hvammstanga.

Til umræðu var undirbúningur undir fyrirhugað saumanámsskeið. Frú Steinvör Benónýsdóttir skýrði frá því, að fjelaginu gæfist kostur á ágætri kennslukonu, fröken Önnu Stefánsdóttur, fyrir minnst Kr. 150.– gjald á mánuði og var samþykkt að taka þessu tilboði. Þá var rætt um húsnæði og annað, er leggja þyrfti í kostnað þessu viðvíkjandi; ennfremur hvaða gjald væri sanngjarnt að taka af nemendum. Frú Steinvör bauð fram húsnæði hjá sér, og ákveðið var að kennslugjald skyldi vera Kr. 17.– fyrir mánuðinn.

Ennfremur kom til orða, að útvega aðstoðarkennslukonu, ef umsóknir yrðu yfir 20.

Var kosin nefnd til þess að hafa undirbúningi þessa máls. Í nefndinni voru þessar

konur: Ingibjörg Jónasdóttir, Steinvör Benónýsdóttir og Hólmfríður Jónsdóttir. Fleira gerðist ekki á fundi þessum og var honum síðan slitið.

Sólveig Sigurbjörnsdóttir

## 29. fundur.

Þann 28. janúar 1941 var haldinn aðalfundur í húsi Sigurðar Pálmasonar.

Varaformaður setti fund og kvaddi til fundarstjóra Hólmfríði Jónsdóttur, en hún hóf upplestur bréfs frá formanni félagsins, Jóninnu Baldvinsdóttur, þar sem hún þakkar fyrir gott samstarf á liðna árinu og mælist til þess, að sér verði veitt lausn frá formennsstarfi sínu í félaginu vegna þess að hún er flutt um Skeið burt úr hreppnum. Um leið lýsir hún ánægju sinni yfir hinu vel afstaðna saumanámskeiði félagsins og beinir nokkrum þakkarorðum fyrir hönd félagsins til Steinvarar Benónýsdóttur fyrir vel unnið starf í sambandi við námskeið.

Samþykkt var að fela Steinvöru Benónýsdóttur að þakka Jóninnu bréflega. —

Þá voru lesin upp lög félagsins og ársgjöld greidd.

Þvínæst var gengið til stjórnar-kosninga, og voru eftirtaldar konur kosnar í stjórn.

Formaður Karólína Jóhannesdóttir
gjaldkeri Steinvör Benónýsdóttir
ritari Sólveig Sigurbjörnsdóttir
varaform. Ingibjörg Jónasdóttir.

Að lokinni kosningu, skýrði gjaldkeri lauslega frá fjárhag félagsins og kvað félagið vera skuldlaust, þrátt fyrir nýafstaðna barnaskemmtun. Hefði ekki þurft að taka út neitt af fé því, sem félagið á í sparisjóði, til þess að standa straum af kostnaðinum, enda höfðu félagskonur að mestu leyti lagt sjálfar fram, það sem með þurfti.

Þá var og skýrt frá saumanámsskeiði því, sem félagið hélt á árinu, sem leið.
Stóð námsskeiðið yfir í mánuð, og alls tóku þátt í því um 40 stúlkur og konur, héðan frá Hvammstanga og úr nágrenninu.
Saumuð voru hátt á þriðja hundrað stykki.
Kennslukonur voru 2, þær frökenarnar Anna Stefánsdóttir og Hansína Þorsteinsdóttir.
Var mjög mikil ánægja yfir þessu saumanámsskeiði og áhugi fyrir að halda eitthvað slíkt aftur áður en langt um líði.
Hreinan ágóða kvað gjaldkeri vera Kr. 30.–
Ennfremur gat gjaldkeri um Kr. 30.–, sem félaginu hefði hlotnast frá Búnaðarfélaginu sem tóvinnustyrk.
Meðal annara útgjalda á liðnu ári, voru Kr. 30.–, sem Kvennfélagið tók að sér að greiða fyrir húsnæði til handa Ólafi Ólafssyni, trúboða og Gunnari Sigurjónssyni, guðfræðing, er þeir voru hér á fyrirlestraferð á síðastliðnu hausti.

Að lokum var rætt um fyrirhugaða skemmtun og kosin tvöföld nefnd í því skyni.
Hlaut kosningu, Ingibjörg Jónasdóttir, sem formaður í veitinganefnd, og skyldi hún taka þær félagskonur með sér, sem hún þyrfti með til hjálpar, en stjórninni ásamt Hólmfríði Jónsdóttur var falið að sjá um skemmtiatriði og annan nauðsynlegan undirbúning.

Þá var fundi slitið og konur þáðu kaffi og kræsingar af húsráðanda.

Sólveig Sigurbjörnsdóttir

## 30. fundur

1941

Sunnudag einn í febrúarmánuði, var haldinn fundur í húsi frú Ingibjargar Jónasdóttur. Aðalumræðuefni fundarins var fyrirhuguð skemmtun, er halda skyldi í vor.
Var ætlunin að útvega einsöngvara, ef hægt væri, og leika smáleik. Var einnig rætt nokkuð um sambandsfund Kvennabandsins í vor, sem að sjálfsögðu verður hér á

Hvammstanga að þessu sinni ásamt iðnsýningu:
Frestað var að kjósa í nefndir til að undirbúa þetta.
Síðan var rætt um ýmislegt til gagns og gamans, sungið, drukkið kaffi, o.fl. Fundi slitið.

Sólveig Sigurbjörnsdóttir

## 31. fundur.

Þann 20. apríl 1941 var fundur haldinn á gistihúsinu Svaninum á Hvammstanga.
Fundarstjóri var kjörin frú Steinvör Benónýsdóttir, en ritari frú Hólmfríður Jónsdóttir. Gerði gjaldkeri grein fyrir ágóða af nýafstaðinni skemmtun, er félagið hafði staðið fyrir. Fyrir skemmtunina komu inn um kr. 400.00 – fjögurhundruð krónur – þar með talinn inngangseyrir, bögglauppboð og nettóágóði af kaffisölu.
Nettóágóði, kr. 388.– var lagður í sparisjóðsbók félagsins ásamt kr. 12.– eftirstöðvar af ársgjaldi félagskvenna fyrir yfirstandandi ár. Er þá inneign í sparisjóði á þessu tímabili kr. 600.00 – sex hundruð krónur –. Var síðan rætt um væntanlegan fund Kvennabandsins og rætt um undirbúning hans. —

Sólveig Sigurbjörnsdóttir

## 32. fundur.

Þann 22. marz 1942 var haldinn aðalfundur í húsi Sigurðar Pálmasonar. Dregist hafði nokkuð að halda fund þenna, þar eð erfitt hafði verið að kalla nógu margar konur saman í einu fyr en nú, er stafaði ýmist af fjarveru félagskvenna á staðnum, veikindum og öðrum orsökum. —
Formaður setti fund og stjórnaði honum.
Byrjað var á, að lesa upp lög félagsins, og ársgjöld greidd. Var þá gengið til kosninga.
Eftirtaldar konur voru kosnar í stjórn:
Formaður Hólmfríður Jónsdóttir
gjaldkeri Steinvör Benónýsdóttir
ritari Sólveig Sigurbjörnsdóttir
varaformaður Ingibjörg Jónasdóttir
varagjaldkeri Margrét Jóhannesardóttir
vararitari Guðrún Sveinsdóttir.
Þess skal getið, að frú Karolína Jóhannsdóttir, sem hafði verið formaður undanfarið ár, baðst undan endurkosningu. Frú Steinvör þakkaði henni fyrir vel unnið starf á árinu.
Síðan skýrði gjaldkeri frá fjárhag félagsins, sem staðið hafði að mestu leyti óbreyttur frá

síðastliðinn vori. Voru lítil útgjöld í sambandi við hina árlegu barnaskemmtun, þar eð henni var hagað á svipaðan hátt og undanfarið, með beinum framlögum félagskvenna. —

Kom konum saman um, að halda skemmtun seinna í vor, en ákveðið var, að reyna að halda skemmtun fyrir börnin á sumardaginn fyrsta, aðallega með aðstoð skólabarna með leyfi kennara þeirra. Var stjórninni falið að sjá um undirbúning til þess arna. —

Frú Hólmfríður skýrði frá því, að einni konu úr félaginu eða á vegum þess, stæði til boða, að taka þátt í námsskeiði, er standa skyldi í tvo daga á Kvennaskólanum á Blönduósi að kostnaðarlausu. Þyrfti þátttakandi aðeins að greiða ferðirnar til og frá Blönduósi. Kemur slíkt boð árlega til allra hreppa í sýslunni, og hafa fjölda margar konur hagnýtt sér þetta og haft bæði gagn og gaman af. Þær frúrnar Hólmfríður og Steinvör tóku að sér að fá einhverja konu á staðnum, til þess að takast þessa ferð á hendur, þar eð engin fundarkvenna virtist hafa ástæðu til þess, (eins og á stóð) enda þótt hvorki vantaði

löngun né vilja.

Húsráðandi veitti kaffi á meðan að á umræðunum stóð, og dró það ekki úr fjöri fundarins.

Var nú rætt um daginn og veginn, en ekkert fleira, er bóka þyrfti. Fundi síðan slitið.

Sólveig Sigurbjörnsdóttir

## 33. fundur

Þ. 8. nóvember 1942 var fundur haldinn hjá frú Hólmfríði Jónsdóttur. Skýrði frú Hólmfríður frá því, að komið hefði til umræðu á fundi Sambandsins í Ásbyrgi síðastliðið sumar, að fá saumakonu í vetur til þess að kenna saum eins og gert var veturinn 1940 með ágætum árangri, eða að koma á kennslu í vefnaði, ef hægt væri að fá stúlku til þess og húsnæði fengist.

Frú Margrét Jóhannesardóttir talaði um barnaskemmtanir hér. Var hún í vafa um að börnin væru eins hrifin af barnaskemmtunum hér eins og áður, og áleit hún að keppa ætti að því að láta þau leika eitthvert annað leikrit eða æfa söngleik, sem væri við þeirra hæfi. en af þessu myndu þau hafa bæði gagn og gaman af.

Voru konur sammála um nauðsyn þess, að presturinn væri hjálplegur við barnaskemmtanir hér.

Frú Ingibjörg Jónasdóttir gat þess fyrir hönd hjúkrunarnefndar, að komin væri hjúkrunarnemi í sjúkraskýlið hér, Björg Rögnvaldsdóttir frá Litla-Hvammi. Er ætlunin, að hún starfi sem sveitahjúkrunarkona að náminu loknu í stað Sigríðar Sigvaldadóttur frá Brekkulæk, sem hefir gengt starfinu áður, en er búin að segja því upp fyrir nokkru.

Sólveig Sigurbjörnsdóttir

## 34. fundur

Þann 28. nóvember 1942 var haldinn fundur í gistihúsinu Svaninum. Var þar ekki annað til umræðu en undirbúningur undir jólatrésskemmtun barnanna.

Sólveig Sigurbjörnsdóttir

## 35. fundur.

Þann 14. febrúar 1943 var haldinn aðalfundur í gistihúsinu Svaninum.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

Lesin voru upp lög félagsins og ársgjöld greidd. Kom fram tillaga um, að hækka ársgjald úr 1 krónu í 2 krónur og var tillagan samþykkt í einu hljóði. Þarnæst var gengið til kosninga.

Stjórnin var endurkosin án breytinga, og er hún þá þannig skipuð.

Formaður frú Hólmfríður Jónsdóttir
gjaldkeri frú Steinvör Benónýsdóttir
ritari frú Sólveig Sigurbjörnsdóttir
varaform. frú Ingibjörg Jónasdóttir
varagjaldkeri frú Margrét Jóhannesardóttir
vararitari frú Guðrún Sveinsdóttir

Rætt var um nafn félagsins, „Tíbrá“ og voru konur misjafnlega ánægðar með það. Fanst þeim flestum, að þar eð ekkert annað kvenfélag starfaði hér á staðnum, væri æskilegt að breyta nafninu og kalla það „Kvenfélag Hvammstanga“, og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Heitir félagið því hér eftir „Kvenfélag Hvammstanga.“

Formaður gat þess, að halda þyrfti skemmtun, því að lög félagsins mæltu svo fyrir, til þess að afla tekna fyrir félagið, og var samþykkt að halda hana eftir 3 vikur. Var ákveðið að hafa kaffisölu jafnframt til þess að greiða kostnað þann, sem varð af hinni árlegu jólatrésskemmtun barnanna um þann það, sem félagskonur lögðu fram.

Veitti formaður kaffi og var rætt um ýmislegt til gagns og gamans meðan á drykkjunni stóð eins og lög gera ráð fyrir. Fundi var síðan slitið.

Sólveig Sigurbjörnsdóttir

36. fundur.

Þann 4. apríl var haldinn fundur á heimili formanns.

Frú Steinvör var kjörin fundarstjóri.

Ein kona bað um inntöku í félagið, og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Nafn hinnar nýju félagskonu er

frú Guðrún

Frú Hólmfríður kvaddi sér hljóðs og aflýsti hinu árlega boði Kvennaskólans á Blönduósi vegna samkomubanns, er var um þessar mundir sökum influensufaraldurs í sýslunni.

Hafði boðið komið skömmu áður til félagsins eins og að undanförnu. Einnig afsakaði hún fyrir hönd stjórnarinnar, að ekki varð úr skemmtun þeirri, er fyrirhuguð var á síðasta fundi, en ýmsar gildar ástæður lágu fyrir því, er félagskonum voru kunnar.

Sólveig Sigurbjörnsdóttir

37. fundur.

Þann 21. nóvember 1943 var haldinn fundur hjá frú Hólmfríði formanni. Fundarstjóri var kosin frú Karólína. Frú Hólmfríður talaði um að blása þyrfti meira lífi í félagsskapinn í vetur, en verið hefði, reyna þyrfti að halda skemmtun fyrir árslok, því að lítið væri í sjóði, þegar búið væri að greiða gjald það, kr. 500.- er félagið hefði lofað á sínum tíð að greiða til Röntgentækis. En nú hafði félagið frétt, að tækið væri loks komið á Sjúkraskýlið, og mundi bráðlega verða sett upp, svo að notkun yrði. Voru konur glaðar við frétt þessa, enda þótt sjóður lítill nokkuð við það, en slík framfaramál sem þessi eru félagskonur ætíð tilbúnar að styðja, eftir því sem aðstæður og fjárráð leyfa. Sagði frú Hólmfríður að óhjákvæmilegt væri að halda skemmtun til teknaöflunar, ef félagið ætti að komast hjá að skuppa oss í skuldir út af hinni árlegu barnaskemmtun.

Kosin var tvöföld nefnd, til þess að undirbúa þessa skemmtun. Önnur nefndin skyldi sjá um skemmtiatriði, auk böggluuppboðs, er halda skyldi, og eru þessar konur í henni: Frú Margrét Jóhannesd., frú Karólína Jóhannsd. og frú Jórunn Jakobsd.
Hin nefndin skyldi sjá um kaffisölu og því viðvíkjandi og skipa hana, frú Ingibjörg Jónasd. ásamt frú Lilju Jakobsd. og fröken Guðbjörgu
Stjórnin er að sjálfsögðu tilbúin að aðstoða eftir því, sem þurfa þykir. —

Þegar nú þessi fundargerð er skrifuð inn 23. nóv. horfir óvanlega við með, að nokkrar skemmtanir verði haldnar í bráð, því að influensan er enn einu sinni að gera usla í landinu, og berast þær fréttir, að hún stingi sér hér og hvar niður í héraðinu, og má þá búast við samkomubanni fyr en varir.
En ef svo fari á móti von okkar, þá mætti segja, að ekki væri ein báran stök hjá okkur blessuðum kvenfélagskonunum, þegar afla átti tekna eða lítil tilraun gerð, til þess að halda uppi einhverskonar félagslífi á staðnum, en ekki dugar að vera annað en bjartsýnn og sjá hverju fram vindur. —

Þetta var nú örlítið innskot í fundargerðina, Ekki má gleyma áður en henni er lokið, að

Kaffi var veitt af rausn, þá er fundi var slitið.

Sólveig Sigurbjörnsdóttir.

## 38. fundur.

Þann 16. janúar 1944 var haldinn aðalfundur á heimili formanns félagsins, frú Hólmfríðar Jónsdóttur, Hvammstanga.
Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.
Greidd voru ársgjöld og lagðir fram reikningar félagsins. Gjaldkeri gat þess að, félagið ætti kr. 700.— í sjóði.
Þá voru lögin lesin upp og síðan gengið til kosninga. Var gamla stjórnin endurkosin og eru í henni þessar konur:

Formaður frú Hólmfríður Jónsdóttir
gjaldkeri — Steinvör Benónýsdóttir
ritari — Sólveig Sigurbjörnsdóttir
varaform. — Ingibjörg Jónasdóttir
varagjaldkeri — Margrét Jóhannesardóttir
vararitari — Guðrún Sveinsdóttir

Fundurinn samþykkti að skólanefndarformanni yrði sent bréf, þar sem skorað væri á hann að gera

allt, sem hægt væri til þess að útvega handavinnu-
kennara við barnaskólann hér á staðnum.
Tók formaður að sér að sjá um bréf þetta.
Þá voru tekin til umræðu ýmis konar þjóðþrifa-
og þrifnaðarmál staðarins, þar á meðal neyzlu-
vatn það, er tekið er úr ánni, er rennur í gegn
um þorpið. Voru 3 konur kosnar í nefnd, til
þess að athuga, hvort ekki væri hægt að lagfæra
þarna eitthvað til bóta, þar sem brýn nauðsyn
er á slíku. Nefndina skipa þessar konur:
frú Steinvör Benónýsdóttir
frú Ingibjörg Jónasdóttir og
frú Guðrún Sveinsdóttir.
Síðan var rætt um margt bæði til gagns og
gamans meðan setið var yfir fjörugri kaffi-
drykkju, þar til fundi var slitið.

Sólveig Sigurbjörnsdóttir

39. fundur

Þann 12. marz 1944 var haldinn fundur
í húsi frú Hólmfríðar Jónsdóttur, Hvammstanga.
Formaður sagði frá hinu árlega heimboði til
Kvennaskólans á Blönduósi og óskaði þess, að
einhver kona byði sig fram til að taka heimboðinu
vegna félagsins. Eftir nokkrar samræður, var það úr,
að frú Ingibjörg í Grænahvammi skyldi takast förina
á hendur, ef kringumstæður leyfðu.
Var þá og skýrt frá því, að fatasöfnun sú til
Noregssöfnunarinnar, sem Kvenfélagið hafði beitt
sér fyrir á síðastliðnu ári, hefði verið send til
umboðsmanns söfnunarnefndarinnar í Reykjavík
haust er leið.
Þá gaf gjaldkeri skýrslu um, hvað inn
kom á skemmtun, sem haldin var stuttu eftir
nýjár, þar sem félagskonur hjálpuðust að með
skemmtiatriði og kaffisölu. Alls kom inn
Kr. 1345.00 – þrettánhundruð fjörutíu og fimm krónur –
Frádráttur vegna reikninga, sem fram eru komnir
mun vera Kr. 125.00 –
Skemmtunin var vel sótt og vel heppnuð. –
Formaður bar fram þá tillögu, að allar meðlimir

félagsins skyldu fá ókeypis aðgang að skemmtunum þess, þar sem konurnar oftast leggja meira eða minna skerf, til þess að skemmtanirnar geti farið sem best fram. Var tillaga þessi samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, sem vænta mátti. Ein ný félagskona var borin upp á fundinum og samþykkt. Var það
frú Jósephína Guðmundsson.
Fundi slitið.

Sólveig Sigurbjörnsdótt

N.B. ritari var ekki stödd á fundi, en formaður tók saman fundargerð.

## 40. fundur.

Þann 6. apríl 1944 var haldinn fundur hjá frú Hólmfríði Jónsdóttur, Hvammstanga.
Formaður setti fund og kvaddi frú Karólínu til að vera fundarstjóra. Lesin var upp fundargerð seinasta fundar, og síðan skýrði frú Hólmfríður frá erindi nokkru, sem frú Aðalbjörg Sigurðardóttir hafði haldið í útvarpinu fyrir skömmu. Í erindi þessu hafði frú Aðalbjörg boðið öllum kvenfélögum landsins að vinna með Kvenréttindafélagi Íslands, og var fulltrúa úr hverju félagi boðið á fund Kvenréttindafélagsins, sem halda átti þ. 19. júní næstk.
Margar af félagskonum höfðu hlustað á þetta erindi í útvarpinu, og var rætt um þetta töluvert.
Komu konur sér saman um að athuga þetta nánar og fá betri upplýsingar um skyldur þær og kvaðir, sem Kvenréttindafélagið legði þeim á herðar, áður en þær gengju þetta skref, þar sem félagið væri enþá ungt og fámennt þ.e.a.s. Kvenfélag Hvammstanga.
Þá kom formaður með þá uppástungu, að konur æfðu sig í ræðusnilld, með því að taka oftar til máls á fundum en þær yfirleitt gerðu. Taldi hún það nauðsynlegt saman fyrir konurnar að geta komið fyrir sig orði, þegar þær mættu sem fulltrúar á Kvensambandsfundum og öðrum samkomum, og á þyrfti að halda. Var gerður góður rómur að þessu.
Frú Karólína var síðan kjörin fulltrúi á hinn árlega Kvensambandsfund, sem halda skal á Víðidal að þessu sinni, en til vara frú Margrét á Lyngholti.
Fundi slitið og þá veitt húsráðandi og formaður kaffi eins og fyrri daginn, sem konur þáðu með þökkum. Þó þetta seinasta atriði komi ef til vill ekki beinlínis ~~við~~ fundargerðinni við.

Sólveig Sigurbjörnsdóttir.

41. fundur.

Þann 22. nóvember 1944 var fundur haldinn í Kvenfélaginu hjá formanni.
Las frú Hólmfríður upp bréf frá Kvenréttindafélagi Íslands, þar sem félagið var kvatt til þess að gerast meðlimur í Kvenréttindafélaginu og einnig var farið fram á í bréfi þessu, að við legðum okkar skerf til hins nýstofnaða minningarsjóðsins frú Bríetar Bjarnhéðinsdóttur, er nefndur er „Menningar og minningarsjóður kvenna" Var rætt um þetta og samþykkt að fresta enn um skeið að ganga í Kvenréttindafélagið, og eigi þótti konum heldur tímabært að greiða neitt nú í fyrrnefndan sjóð, enda þótt frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir eigi allt gott skilið af meðsystrum sínum (ekki spillir það, að hún var Vestur-Húnvetningur að ætt), og halda beri uppi minningu hennar, en fundinum fannst vera svo mörg og umfangsmikil ~~störf~~ verkefni heima fyrir, sem ~~á~~ þyrfti að halda á öllum starfskröftum og peningum félagsins, og ekki beri að dreifa kröftunum of mikið, meðan félag okkar er ekki öflugra en nú.

Vonandi verður ekki langt að bíða, þar til mál þessi verða tekin aftur upp á fundi og samþykktir verði á annan veg.
Samþykkt var að skrifa bréf til Kvenréttindafélagsins þessu viðvíkjandi.
Þá var skýrt frá boði Búnaðarfélagsins á kennslukonu í matreiðslu og vefnaði í vetur til handa félaginu, sem því miður var ekki hægt að taka ~~sinna~~ að þessu sinni, þar eð ekki var álitið, að nóg þátttaka fengist. Unglingaskóli starfar nefnilega hér í vetur og flestar ungar stúlkur ganga í hann, og konur því meiri störfum hlaðnar en ella heima fyrir.

Ræddu konur um að kaupa vefstól, og var mikill áhugi fyrir slíku. Var stjórninni falið að athuga verð á vefstólum við fyrsta hentugleika og gera kaup á þeim fyrir hönd félagsins, ef henni sýndist rétt vera.
Konur höfðu mikinn áhuga á að fá kennara til þess að hafa saumanámskeið á staðnum í vetur.
Kaffi drukkið og fundi slitið.

Sólveig Sigurbjörnsdóttir.

42. fundur.

Sunnudag 4 feb. var fundur haldinn í húsi formanns.
Ákveðið hafði verið að hafa aðalfund, en margra orsaka vegna vantaði svo margt af fundarkonum að fresta varð því.
Fyrst var lesið upp bréf frá formanni Kvennabands V.H. þar sem hún tilkynnir félagi okkar að sambandið sé gengið í Kvenfélagasamband Íslands, einnig biður hún okkur í því bréfi þátttöku í húsmæðramóti á Blönduóssskóla 21-22 marz næstkomandi. Þótti fundarkonum hin fyrrnefnda tilkynning mikilsverð og óvænt.
Rætt var um hina lögboðnu árlegu skemmtun og ákveðið að halda hana nú þegar um næstu helgi og skyldu allir félagar sameinast um framkvæmd þess máls.

Ákveðið var að halda aðalfund áður langt liði og ef svo færi að eitthvað bættist í félagið var samþykkt að fá skólastofu eða sal leigðan til fundahalda. Karólína Jóhannsd. bar fram þá tillögu að 2 konur væru kosnar til að koma með kaffi á fundina til skiftis.
Guðrún Guðmundsdóttir lagði til að 2 konur yrðu og kosnar til að lesa upp skemmtiefni á fundum. Voru báðar þessar tillögur samþykktar einróma.

Fleira gerðist ekki
fundi slitið

Guðrún Sveinsdóttir

43. fundur.

Aðalfundur Kvenfélags Hvammstanga var haldinn í samkomuhúsi hreppsins 18. marts 1945.
Lesin var upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
Ein kona gekk í félagið, var það frú Ingibjörg Jónsdóttir Hvammstanga. Ein gekk úr því Guðbjörg Olsen.
Lesið var upp bréf frá Kvenfélagasambandi Íslands, viðvíkjandi fjársöfnun til Hallveigarstaða í Reykjavík. Tíminn leyfði engar umræður um málið, enda lítill áhugi til staðar um það mál hér.
Þá var gengið til kosninga og stjórnin endurkjörin. Til vara hlutu kosningu þær frú Jósefína Guðmundsson. Margrét Jóhannesd. og Júnína Baldvinsdóttir.
Í skemmtinefnd til næsta fundar voru þær einnig kosnar frú Jósefína og Margrét.
Til að mæta á húsmæðramóti Blönduóssskóla var kjörin Ingibjörg Sigurðardóttir Kothvammi.
Til hátíðabrigða voru á fundi þessum nokkrir gestir, og var skemmt með upplestri söng og dansi, auk sameiginlegrar kaffidrykkju, fór fundurinn hið besta fram.

Fleira gerðist ekki
fundi slitið

Guðrún Sveinsdóttir

44. Fundur.

Fundur var haldin í Kvenfélagi Hvammstanga 15. apríl 1945 á heimili formanns Halnfríðar Jónsdóttur. Voru allar félagskonur mættar, nema Ingibjörg Jónasdóttir og Júnína Baldvins. Formaður setti fundinn og nefndi Guðrúnu Stefánsdóttir fundarstjóra og Margréti Jóhannes ritara fundarins. Fyrst var lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykkt. Því næst

las formaður upp skeyti sem hún í nafni Kvenfélagssins sendi frú Sólveigu Sigurbjörnsd svo hljóðandi

Læknisfrú Sólveig Sigurbjörnsd

Keflavík

Aðalfundur Kvenfélags Hvammstanga sendir yður hlýjar kveðjur og hugheilar þakkir fyrir gott samstarf á undanförnum ár

stjórnin.

Þar næst tók til máls Ingibjörg Sigurðardóttir skýrði hún frá för þeirri sem hún ásamt fleiri konum sýslunnar, fóru til Kvennaskólans á Blönduósi í boði skólans. Lýsti hún ítarlega og skemmtilega þeim ágætis viðtökum, sem þær konur fengu í skólanum. Hve mikið hefði verið gert til að skemmta þeim og kynna þeim allt fyrirkomulag og starfsemi skólans. Undraðist hún stórlega hin miklu handavinnu afköst námsmeyja og dáðist að stjórnsemi prúðmennsku og góðum skólabrag sem henni virtist auðkenna skólalífið. Hvatti hún eindregið þær konur er þess ættu kost, að nota sér hið árlega heimboð Kvennaskólans. Hólmfríður Jónsdóttir kom með þá tillögu, að Kvenfélagskonur sameinuðust um að fá bíl og fara á handavinnu sýningu Kvennaskólans á Blönduósi í vor. Var góður rómur gjörður að því. Form. gaf öllum fundarkonum kaffi. Undir borðum sagði Ingibjörg konunum ágrip af leiksýningu Ölf Konan í Selhamri: sem Kvennaskóla stúlkurnar sýndu fyrir gesti sína í samkomuhúsinu á Blönduósi og þótti henni mikið til þessar sýningar koma.

Fleira var ekki gert á fundinum

fundi slitið

Guðrún Sveinsdóttir.

45 fundur 1945.

Sunnudaginn 18. nóv 1945 var fundur haldinn í Kvenfélagi Hvammstanga. Allar félagskonur voru mættar nema Steinvör Benónýsdóttir. Ingibjörg Sigurðard Lilja Jakobsd. og Guðrún Sveinsdóttir. Formaður nefndi til fundarstjóra frú Jósefínu Guðmundsson og fundarskrifara Jóhönnu Baldvinsd. Fundurinn hófst með því að

formaður las upp bréf frá frú Sólveigu Sigurbjörnsd
og afhenti 100,00 kr. eitt hundrað krónur
frá henni sem hún sagði að ætti leggjast í
fyrirhugaða vefstólakaupa félagsins.
Þar næst sagði Margrét frá Lyngholti frá
Sýslusambandsfundi sem haldin var í Reykjaskóla
síðastl. vor, þar hún stödd þar sem fulltrúi
félagsins. Var þar mynnst á að halda
við, eða sjá um að ekki tyndist, leiði
Vatnsenda Rósu. Einnig var rætt um
byggðarsafn vestur-sýslunnar, konur
áminntar um að eyðileggja ekki, ef þær ættu,
eða vissu um gamla muni sem þar gætu
geymst. Þá var sagt frá stofnun minningar sjóðs
Ásdísar á Bjargi, og hafði formaður sýslu-
sambandsins lofað 1000,00 kr. eitt þúsund
krónum, frá sambandinu í þann sjóð.
Frú Hólmfríður vakti máls á vefnaðar eða
saumanámskeiði, og vefstóla kaupum
var ákveðið að frú Jósefína Guðmundsson og
Jónína Baldvinsdóttir færu að Lækjamóti
og öfluðu sér upplýsinga um verð, og gerð á
vefstólunum og sjá vinnu á námskeiði sem
þar stendur yfir, og gefa skýrslu um það á

næsta fundi. Þar næst var mynnst á barnaskemtun
og ákveðið að halda fund bráðlega til að ræða nánar
um hana. Karólína Jóhannesdóttir mæltist til að
Sigrún Jónsdóttir yrði tekin í félagið, var það
samþykkt með öllum atkvæðum
Kaffi drukkið.
Fleira var ekki rætt
fundi slitið
Guðrún Sveinsdóttir

46. fundur 1945.

Miðvikudaginn 21 Desember 1945. var fundur
haldinn í Kvennfélagi Hvt. á heimili Guðrúnar
Sveinsdóttir. Voru 10 fundar konur mættar.
Formaður setti fundinn og nefndi Jónínu Baldvins
fundar stjóra en Margréti Jóhannesdóttir fundar ritara.
Þar næst bauð hún hina nýju félagskonu Sigrúnu
Jónsdóttir velkomna og bað fundar konur að rísa
úr sætum sínum henni til heiðurs.
Þá var lesin upp fundargjörð síðasta fundar og
samþykkt. Formaður las síðan upp tvö bréf
frá miðstjórn Kvennréttindafélags Íslands 1.
þar sem brýnt er fyrir konum að nota réttindi

Til ákvörðunar stofna fyrir þjóðfélagið.
2. Skýrt frá mynningar og menningar sjóði Kvenna. Í sambandi við þetta gat formaður þess að hún í sumar hefði hitt stjórnar meðlim K. R. F. Í. (Ingibjörgu Benediktsdóttur) og hefði hún verið leið yfir því að Kvenfélag Hvt. hefði ekki svarað bréfi frá síðast-liðnum vetri, þar sem því var boðin þátttaka í K. R. F. Í. Óskaði formaður eftir að fundar konur tækju ákvörðun um hverju svara skyldi því Tilboði Fundar ályktun. Þessum málum viðvíkandi varð séð að rétt væri að kvenþjóðin yfirleitt setti ekki hjá sitt umboð málsker með því að spara um of hæfileika og krafta sína í þágu þjóðfélagsins um þáttöku í K. R. F. Í var, eftir stuttar umræður frestað til næsta fundar. Þar sem önnur mál þurfti að ræða. Var málið því tekið út af dagskrá: Þá skýrði form. frá því að hún hefði leitað upplýsingar að Laugum viðvíkandi Vefstóla Kaupum og til Akureyrar um kennslu konu í vefnaði. Svör ókomin. Því næst var tekin til umræðu hin árlega Jólaskemtun Kvennfélagsins sem ákveðið var að hafa Laugardaginn 29 Des. Var skipulagðar allar undirbúningar og fyrir komulag
Skemtunarinnar. Samþykkt var einnig að halda árshátíð skemtun annan Jóladag ef hægt væri. Var: þeim tilgangi kosin 5 Kvenna skemti nefnd. Fleira var ekki rætt. Fundi slitið kl 19.

Guðrún Sveinsdóttir

1. Fundur 1946. (47. fundur)

Fimtudaginn 24 Jan. 1946. í Kvennfélagi Hvammstanga hjá formanni félagsins, fundinn sátu 10 Konur. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum, fundarskrifari var Jónína Baldursdóttir. Formaður las upp síðustu fundargjörð og var hún samþykkt. Þá skýrði formaður frá því að vefstólar þar sem hún fékk upplýsingar um frá Laugum kostuðu þar 550 Kr. (alslausir einbreiðir) Pantaði formaður 1. vefstól einnig skrifaði hún Halldóru Bjarnadóttir, og bað hana kaupa það sem vantaði, til heyrandi vefstólnum. Þar næst var rætt um efniskaup til vefnaðar, sem notað yrði á fyrir hugaðu námskeiði næsta vetur: voru kosnar tvær konur frá Jósefína Helgadóttir og Jónína Baldursd. Þar næst var rætt um inngöngu í Kvenréttinda samband Íslands

var það tekið út af dagskrá, og ákveðið, að leita álits formanns sýslusambandsins. Ákveðið var að halda skemtun til ágóða fyrir félagið. og kosnar voru í skemtinefnd fimm konur. Hólmfr. Jónsdóttir Margrét Jóhannesdóttir Ingibjörg Jónsdóttir Sigrún Jónsdóttir og Jónína Baldvinsdóttir.
Kosin var stjórn félagsins. Kosningu hlutu þessar konur frú Jósefína, frú Steinvör og frú Guðrún. í vara stjórn frú Hólmfríður frú Margrét og frú Ingibjörg Jónasdóttir. Frú Jósefína kom með þá uppástungu, að Þorbjörg Sigurðard. yrði gjörð að heiðursfélaga. var það samþykkt í einu hljóði og risu konur úr sætum, henni til heiðurs og klöppuðu lof í lófa.
Þá var rætt um fundarstað fyrir félagið, buðu þær frú Jósefína og frú Steinvör félaginu að hafa fundina í sínum húsum næsta ár.
Ákveðið var að hafa fundi annan fimtudag hvers mánaðar. Þarnæst var lagt fram bréf frú Guðrúnu á Árbakka og þar með 50,00 kr. sem hún sendir Kvennfélaginu að gjöf til gaðgjörðarstarfsemi; var formanni falið að færa henni þakklæti fyrir gjöfina og einnig biðja hana fyrir félagsins hönd að lesa eitthvað upp á

næsta fundi, til skemtunar fyrir félagskonur.
Kaffi drukkið.
Fleira var ekki til umræðu
Fundi slitið
Guðrún Sveinsdóttir.

## 48. fundur.

Sunnudaginn 17 Mars var fundur haldinn í húsi formanns. Mættar voru 11 konur. Frú Steinvör setti fundinn, og nefndi til fundarstjóra Jónínu Baldvinsd. en ritara Hólmfr. Jónsd. Lesin var upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt. Frú Steinvör hóf máls á því, hvort félagskonur væru fúsar til að gefa kökur í þágu félagsins á næstu skemtun. Urðu nokkrar umræður um það og það samþykkt. Síðan var raðað niður í hin ýmsu störf, í sambandi við skemtunina.
Formaður skýrði frá því að félaginu byðist að senda eina konu á hið árlega skemti.mót kvenna á Blönduós skóla 9. mars og kom til orða að Ingibjörg Jónsdóttir færi. Var það þó ekki ákveðið. Jónína Baldvinsd. stakk upp á því að konurnar í skemtiferð að Þingeyrar kirkju í sumar. Var gjörður að því góður rómur, en ekkert ákveðið. Þá var fundarhlé og drukkið kaffi og skrafað á við og dreif. Eftir það flutti

frá farandi form. þakkaði félagssins fyrir störf sín í
þágu þess, kvað hún afsakanlegt vegna hinna
erviðu tíma, hve lítið hefði verið að-hafst.
og gat þess að nú væri bjartara framundan og
mætti vænta bezta gengis.
þakkaði Hálmfr. fundi ræðuna og kvaðst þess
fullviss að nú verandi stjórn mundi hefjast
handa um framkvæmdir er tækji þess byrist. þá
kom til orða að reyna að grafast fyrir aldur
félagssins, sem óvissa ríkir um sakir þess að
eldri fundargerða bók hefði glatast.

Fleira gerðist ekki
fundi slitið
Guðrún Sveinsdóttir.

## 49. fundur.

Sunnudag 7. marz 1948, var
aðalfundur Kvenfélags Hvamms-
-tanga haldinn í húsi formanns
S. B. Fundinn sátu 14 konur.
Formaður setti fundinn og nefndi
til fundarstjóra Jósefínu Guðmunds-
-son, en ritara Jóhönnu Baldvins-
-dóttur. Greidd voru ársgjöld fyrir
2 undanfarin ár.
Þá var lesið upp bréf frá Kven
félagasambandi Íslands, þess
efnis að biðja kvenfélagið hér
að gangast fyrir fjársöfnun á
vegum barnahjálpar sameinuðu
þjóðanna. Steinvör Benónýsd.
kom með tillögu um að afla
þess fjár með bögglauppboði,
var hún samþykkt með öllum
greiddum atkvæðum.
Þá var lesið upp bréf frá Jóhönnu
Líndal, þess efnis, hvort ekki væri
tímabært að kvenfélögin færu að safna

fé til byggingar elliheimilis í Húnavatnssýslu.
Rætt var um fyrirhugað ferðalag á húsldarviku Kvennaskólans á Blönduósi, engin kona gaf sig fram til fararinnar.
Þá var kosið í stjórn.
Hólmf. Jónsd.
Jósefína Guðmundss.
Jónína Baldvinsd.
Til vara
Margrét Jóhannesd.
Karólína Jóhannesd.
Ingibjörg Jónsd.

Fleira var ekki til umræðu.

Fundi slitið.

Jónína Baldvinsd.

50. fundur.

Föstudag 16. apríl 1948 hélt Kvenfélag Hvammstanga fund, í þinghúsinu. Fundurinn hófst kl. 15½. 11 konur voru mættar, auk Þóru Sigvaldadóttur, og Önnu Guðmundsdóttur, sem komu til að ganga í félagið.
Form. setti fund, og bað Hólmfr. Jónsd. að stjórna honum, en Margréti Jóhannesdóttur að vera ritari.
Fyrst las fundarstjóri upp tvær síðustu fundargerðir og lög félagsins. Þar næst þakkaði hinn fráfarandi formaður og ~~m~~ störf sín, og óskaði hinum nýja formanni til hamingju með stöðuna.
Næst tók til máls Jósefína Guðmundsson. Þakkaði hún félagskonum þá vinsemd að bjóða sér að vera í félaginu áfram, þótt hún væri flutt af félagssvæðinu. Þar næst bar hún fram tillögu um að Janúarmánuður ár hvert væri lögákveðinn til að halda skemmtun fyrir félagið. Taldi hún

þá minni hættu á að niðurfelli
þessi tekjuöflun.
Samþykkt með meiri hluta atkvæða.
Auk þeirra, sem áður voru nefndar
gekk Marta Ágústsdóttir í félagið, var
þeim öllum vel fagnað.
Þá kom Ingibjörg Jónasdóttir með þá
uppástungu að félagið gerði það að
reglu að halda dansleik til ágóða
fyrir félagið um jólaleitið ár hvert
meðan skólafólk er hér heima.
Var það samþykkt einróma.
Jósefína Guðmundsson gerði það
að tillögu sinni að félagið keypti
radíógrammafón og dansplötur
til að ráða bót á þeirri tregðu
sem nú er á að fá spilara
Var þessu vel tekið, og kosin
nefnd í málið.
Jósefína Guðmundss.
Steinvör Benónýsd.
Guðrún Sveinsd.
Þá sagði Jónína Baldursdóttir í
fáum orðum frá för sinni til Blöndu-

Hjartans þökk til allra, sem rjett hafa okkur
hjálparhönd í veikindum og erfiðleikum okkar. Sjer-
staklega þökkum við Kvenfjelagi Hvammstanga
hrepps, sem tvívegis hefir veitt okkur hjálp.
Drottinn gefi ykkur öllum blessun sína.
Í júlí 1946
Hallgrímur og Guðrún,
á Ytri-Árbakka, Hvammstanga.

ó[...]
þ[...] starfa.
ó[...]ögu og þulu
a[...] rómur.
þ[...] Guðmunds-
s[...]óttur að
skemmta á næsta fundi.
Kvittun hafði borist frá Kvenfélaga-
sambandi Íslands fyrir 1840,00 kr. sem
kvenfélagið hafði safnað til barna-
hjálpar innar. Var hún lesin upp.
Meðfylgjandi þakkarávarp, var einnig
lesið
Þá var fundarhlé og bar formaður
fram veitingar.
Nokkrar umræður spunnust um það
hverja tilhögun skyldi hafa á um
hressingu á fundum. Var að lokum
samþykkt að hver kona kæmi með
sitt kaffi og væri öllu slegið saman.
Mætti svo breyta til síðar, ef ekki líkaði.
Talað var um ferðalög, bæði á sýningu
Blönduósskóla og að Þingeyrakirkju í
sumar. Sungin voru nokkur lög. Fundi slitið.
Margrét Jóhannesdóttir.

Kerin keypt.

Það kom fljótlega í ljós, að ekki var hægt að nota kerin á sama hátt og gert var í Frakklandi, heldur varð að styrkja þau, og breytti þetta fyrri hugmundum um hafnargerðina. Þá reyndist ekki mögulegt að fá keypt þau ker, sem í Frakklandi voru, en í nóvembermánuði s. l. fjekkst vilyrði fyrir 14

við samtals til 11 flutning laga, en 9 þeirra töldu sig hafa áhuga fyrir málinu. fjelagið athugaði málið og menn til að skoða keri hætti við að gera tilboð í f inginn. Loks gerði hollens lag tilboð í flutning á öll kerunum, og var enda samið um það, að fjelag tæki að sjer flutning k

Þá [illegible] sfélli
þess[illegible]
Sam[illegible] á atkvæð.
Auk[illegible] nefndar
gekk[illegible] gið, var
þeim[illegible]
Þá kom [illegible] með þá
uppástungu að félagið gerði það að
reglu að halda dansleik til ágóða
fyrir félagið um jólaleitið ár hvert
meðan skólafólk er hér heima.
Var það samþykkt einróma.
Jósefína Guðmundsson gerði það
að tillögu sinni að félagið keypti
radiógrammafón og dansplötur
til að ráða bót á þeirri tregðu
sem nú er á að fá spilara.
Var þessu vel tekið, og kosin
nefnd í málið.
Jósefína Guðmundss.
Steinvör Benónýsd.
Guðrún Sveinsd.
Þá sagði Jónína Baldursdóttir í
fáum orðum frá för sinni til Blöndu-

ósskóla. Lét hún vel yfir.
Þá tók skemmtinefnd til starfa.
Las Ingibjörg Jónsdóttir sögu og þulu
og var gerður að því góður rómur.
Þá bað form. þær Jósefínu Guðmunds-
son og Ingibjörgu Jónasdóttur að
skemmta á næsta fundi.
Kvittun hafði borist frá Kvenfélaga-
sambandi Íslands fyrir 1850,00 kr. sem
kvenfélagið hafði safnað til barna-
hjálparinnar. Var hún lesin upp.
Með fylgjandi þakkarávarp, var einnig
lesið
Þá var fundarhlé og bar formaður
fram veitingar.
Nokkrar umræður spunnust um það
hverja tilhögun skyldi hafa á um-
hressingu á fundum. Var að lokum
samþykkt að hver kona kæmi með
sitt kaffi og væri öllu slegið saman.
Mætti svo breyta til síðar, ef ekki líkaði.
Talað var um ferðalög, bæði á sýningu
Blönduósskóla og að Þingeyrakirkju í
sumar. Sungin voru nokkur lög. Fundi slitið.
Margrét Jóhannesdóttir.

67. Fundur.

Miðvikudag 2 júní var fundur haldinn í þinghúsinu. Mættar voru 11 konur. Formaður setti fund, og nefndi til fundarstjóra Ingibjörgu Jónasdóttur ljósmóður, en fundarritara Hólmfr. Jónsd. Ritari las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt. Þá las formaður upp bréf, sem borist hafði frá Kvenréttindafélagi Íslands. Var það boðun að þátttöku í landsfundi kvenna, sem haldinn verður í Reykjavík 19–24 júní 1948. Var rætt um þetta um stund. En þar ed skilyrði fyrir þátttöku þóttu vafasöm, var hik á konunum að samþykkja þau, og binda sér þannig bagga, sem getur reynst erfiður. Ákvörðun var frestað um stund, og tekin upp skemmtiatriði. Las Ingibjörg Jónasdóttir upp kvæði eftir Jóhann Gunnar Sigurðsson. Kvæðið var um Gísla Súrsson og Auði konu hans. Var þá gert fundarhlé og tekið til við sameiginlega kaffidrykkju, þar sem

hver kona kom með sitt nesti.
Meðan drukkið var, las Ingibjörg Jónasdóttir upp sögu um merkilegan draum, og spunnust út af því nokkrar draumasögur.
Eftir það var þá aftur tekið að ræða um kvenréttindamálið, og var það fellt að eiga nokkuð við það að svo stöddu.
Samþykkt var í einu hljóði að kjósa Önnu Guðmundsdóttur og Þóru Sigvaldadóttur, sem fulltrúa á sambandsfund Kvennabands V. Hún.
Þá bar Þóra Sigvaldadóttir fram þá tillögu að Kvenfélag Hvammstanga beitti sér fyrir stofnun sunnudagaskóla, eða eitthvað í þá átt, sem hagt væri að gera fyrir börnin. Umræðum var frestað til hausts.
Þá var fundi slitið.

H. J. (fundarrit.)

52. fundur.

Fundur var haldinn í Kvenfélagi Hvammstanga þann 29 október 1948, í þinghúsinu. Formaður setti fundinn, og nefndi til fundarstjóra Hólmfríði Jónsdóttur, en fundarritara Ingibjörgu Jónsdóttur. Lesin var upp fundargerð síðasta fundar og samþykkt.
Þá gengu 6 konur í félagið. Þær voru Ingigerður Danielsdóttir, Þorbjörg Olafsdóttir, Marta Albertsdóttir, Sigurbjörg Friðriksdóttir Elsa Bjarnadóttir og Halldóra Kristinsd. Fundarstjóri bauð þær velkomnar í félagið. Formaður ræddi þá um að fengin yrði saumakona, til að halda námskeið, og var samþykkt að reyna að koma því á seinni hluta vetrar og formanni falið að annast það mál.
Rætt var um tillögu sem kom fram í vor frá Þóru Sigvaldadóttur um stofnun sunnudagaskóla og samþykkt að reyna að koma honum á sem fyrst.
Kosin var nefnd í málinu þær Jósefína Guðmundsson Þóra Sigvaldadóttir, Anna Guðmundsdóttir, Karólína

Jóhannesdóttir, Jónína Baldvinsdóttir
og Sigrún Jónsdóttir.
Þá skýrði Jósefína Guðmundsson
frá störfum nefndar þeirrar er
kosin var í vor til að útvega útvarps-
grammafón. Það hefir ekki enn
tekist sökum mikillar eftirspurnar
og innflutningshafta.
Þá var kosin fjögurra kvenna
nefnd til að setja upp nefstól
félagsins, þær Elsa Bjarnadóttir
Anna Guðmundsdóttir, Halldóra
Kristinsdóttir og Jónína Baldvins
dóttir. Síðan var sest að kaffi-
drykkju, að henni lokinni var
dansað um stund og sungin
nokkur lög.
Þá var fundi slitið

Ingibjörg Jónsdóttir
(fundarritari)

53 fundur

Þann 4. des 1948 var haldinn fundur
í samkomuhúsinu á Hvammstanga
Fundinn sóttu 19 konur. Formaður setti
fundinn, og kaus fundarstjóra Ingibjörgu
Jónsdóttur, en fundarritara Halldóru
Kristinsdóttur. Fundarstjóri las upp bréf
frá fjáröflunarnefnd Hallveigarstaða,
þess efnis, að biðja konur að bregðast vel
við þeirri beiðni að láta muni á
fyrirhugaðan basar, sem haldinn
verður fyrir Hallveigarstaði.
Einnig bréf frá áfengisvarnarnefnd
Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Þakkar
nefndin þar dugnað kvenna móti öl-
frumvarpinu og biður þær að standa
saman móti neyslu áfengis.
Jakobína Bergsveinsdóttir óskaði eftir að
koma í félagið og var það samþykkt
með öllum atkvæðum.
Því næst las formaður upp bréf frá
viðtækjaverslun ríkisins. en í því var
sagt að lítil von væri til fá radíófón
þann, sem félagið á í pöntun, í bráð,

vegna þess að enginn innflutningur er á þeim nú. Formaður las einnig bréf frá klæðaverksmiðjunni Gefjun á Akureyri sem skýrði frá því að nýjar kembivélar ættu að taka til starfa þar. og æskir þess að kvennfélög sendi góða þelull í lopa og gætu þau með því fengið fyrsta flokks lopa. Til framkvæmdar í þessu máli voru, kosnar þrjár konur, þær Þorbjörg Olafsdóttir Jórunn Jakobsdóttir og Margrét Jóhannesdóttir. Formaður gat þess að frú Hólmfríður Jónsdóttir hefði gefið félaginu jólasveinsbúning og tvo smáleikrit.

Kosin var skemmtinefnd fyrir skemmtun sem halda á seinnipart vetrar, nefndina var þannig skipuð Anna Guðmundsd. Elsa Bjarnad. Ingibjörg Jónsd. og Margrét Jóhannesd. Einnig var kosin nefnd til að sjá um ball á annan í jólum, hana skipa Jórunn Jakobsdóttir, Anna Guðmundsdóttir og Halldóra Kristinsdóttir. Ákveðið var að kaupa jólatré fyrir barnaskemtunina, og hvernig skyldi undirbúa hana.

Þá kom Þorbjörg Olafsdóttir með þá tillögu, að fá leigða gufubaðstofuna og að félagið pantaði þvottavél og hefði þar. Hafa þar svo sameiginlegt þvottahús fyrir félagskonur. Málinu var frestað til næsta fundar. Þóra Sigvaldadóttir minntist lítils háttar á rastingu samkomuhússins eftir barna samkomurnar á sunnudagana.

Drukkið var kaffi og spjallað saman.

Síðan var fundi slitið

Halldóra Kristinsdóttir

— fundarritari —

1949

54. fundur

Þriðjudaginn 11. okt. var haldinn fundur í þinghúsinu 11 konur mættu Formaður setti fundinn og nefndi Margréti Jóhannesd. fundarritara

Lesin var upp fundargjörð síðasta fundar og hún samþykkt. Þvínæst las formaður upp bréf frá Jósefínu (Helgadóttir) Guðmundsson Biðst hún þar undan endurkosningu í stjórn kvennfélagsins, sökum fjarveru sinnar frá Hvammstanga. Einnig segir hún þar frá biblíumyndum frá K.f.u.m. til sunnudagaskólans hér, sem geimdar séu hjá henni þá var lesið bréf frá Jóhönnu Olafsdóttur, þakkar hún þar fyrir peningagjöf sem Lilja Jakobsdóttir hafði safnað handa henni innan kvennfélagsins

Þvínæst skýrði formaður frá því að möguleikar væru á því að fá saumakonu í vetur, ef félagið sæi sér fært að hafa saumanámskeið. En sökum þess að neinar upplýsingar voru ekki fyrir hendi, varðandi saumakonunnar, og annað námskeiðinu viðkomandi, var kosin 3 kvenna nefnd til að kynna sér þetta, og hrinda í framkvæmd ef hægt væri. Í nefndina voru kosnar Jósfína Guðmundsson Ingigerður Daníelsdóttir og Elsa Bjarnadóttir.

Að síðustu var rætt um tillögu Þorbj. Ólafsdóttur um að fá leigða gufubaðstofuna fyrir þvottahús. Voru sumar konurnar svo stórhuga að þær vildu alls ekki að kvennfélagið sinti því, en beitti sér heldur eindregið fyrir því að koma upp nýtísku samvinnu þvottahúsi. Var málið rætt af miklu fjöri um stund, síðan tekið út af dagskrá, og fundi slitið

Margrét Jóhannesd.
– fundarritari –

55. fundur

Fundur var haldinn í Kvennfélaginu á Hvammstanga 5. nóv. 1949.
16 konur mættu ein kona gekk í félagið Sigríður Benný Guðjónsdóttir var hún boðin velkomin með öllum meiri hlutaatkvæðum. Lög félagsins voru lesin. Lesið var upp bréf frá áfengisvarnarnefnd varðandi kosningar. einnig var lesið bréf frá kvennfélaga samb. Íslands sem Rannveig Þorsteinsdóttir ritar fyrir hönd. Ráðunautur sambandssins er Halldóra Eggertsdóttir.
Talað var um að halda saumanámskeið eftir nýjár og það samþykt einnig var rætt um að vefa ef til vill borðrenninga ekkert ákveðið.
Kosið var í skemmtinefnd til að leika um jólin 5 konur voru kosnar Þóra Sigvaldad. Ingibjörg Jónsd. Sigríður Guðjónsd. Elsa Bjarnad. Margrét Jóhanesd.
Rætt var um að skora á skólanefnd Barnaskólans að sjá ~~um~~ börnunum fyrir kennslu í leikfimi og handavinnu.
Frú Karolína Jóhannesd. talaði um að jólaseria félagsins væri stórskemd og hættuleg og var því ákveðið að senda hana suður til viðgerða Einnig var rætt um að endurvekja sunnudagaskólann. Fleira var ekki rætt

Fundi slitið

Elsa Bjarnadóttir
(fundarritari)

56. fundur

Fundur var haldinn í Kvennfélaginu á Hvammstanga 12. des. 1949.
Mættar voru 10 konur Formaður setti fundinn og nefndi fyrir fundarstjóra Ingibjörgu Jónasd. og ritara Ingibjörgu Jónsd. Þá var talað um að fá Halldóru Eggertsd. hingað með eldhús til sýningar, um leið og hún kæmi í Miðfjörðinn Og kom Ingibjörg Jónasdóttir með þá tillögu því viðvíkjandi og var hún samþykt. Þá var rætt um að fá saumakonu til að kenna fatasaum í vetur, og var það samþykt þó bjast mætti við að gjald yrði meira en í Miðfirðinum. Því næst var talað um barnaballið og kosnar konur til að sjá um baksturinn. Og þar Margrét í Lyngholti og Karolína til að skreita salinn.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá.
Fundi slitið
Elsa Bjarnadóttir

57. fundur

Mánudaginn 30 jan. 1950 var haldinn aðalfundur í Kvennfélaginu á Hvammstanga.
19 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum og nefndi Margréti Jóhannsd. fundarritara. Fundurinn hófst með smá skemtiatriði sem var í því fólgið að nokkrar konur sungu og sýndu kvæðið „Föðurlandsins freyja".
Einnig las Ingibjörg Jónasd. upp tvö kvæði eftir Kristján Jónsson.
Síðan var tekið til við fundarstörf.
Formaður las upp síðustu fundargjörð og var hún samþykt Þá las formaður bréf frá Kvennfélagas. Íslands þess efnis að bjóða konum að gerast kaupendur að nýútkomnu riti sem það gefur út og nefnist Húsfreyjan.
Samþykt var að kvennfélagið keypti eitt eintak og léti það ganga milli félagskvenna svo þær gæti kynnt sér efni ritsins.
Þá voru lesin upp lög félagsins Kom þá Ingibjörg Jónsd. með þá tillögu að fella burt 11 grein laganna og var það samþykt með meiri hluta atkvæða. Elsa Bjarnadóttir skýrði frá því að saumakona sú sem von hefði

verið á til Kvennfélagsins fæst sennilega
ekki, en þó ekki óhugsandi ef reynt væri
að fá hana í mars. Var samþykkt að
halda málinu til streitu þar sem ekki
var nein von til að fá aðra saumakonu.
Því næst var kosið í stjórn
hlutu þessar konur kosningu.
Jónína Baldvinsd. formaður
Elsa Bjarnad. ritari
Margrét Jóhannesd. féhirðir
V. varastjórn
Ingibjörg Jónsdóttir
Þóra Sigvaldadóttir
Þorbjörg Ólafsdóttir
Síðan voru borguð félagsgjöld, Árgjöld
fyrir árið 1949 voru útistandandi sökum þess
að aldrei var haldinn aðalfundur það ár,
né heldur aðrir fundir í Kvenfélaginu eftir
áramót þann vetur vegna langvarandi
samkomubanns af völdum mænuveikinnar,
og svo vegna veikinda formans. Voru þessi
gjöld nú borguð 2,00 kr af félagskonu. Samþykkt
var að hækka árgjöldin á þessu ári í
5,00 kr og voru þau einnig borguð.

Líka var samþykkt að hækka inntökugjald
í 10 kr Áður var það jafnt árgjaldi. Þá var
borguð gömul skuld við fyrverandi
féhirðir Steinvöru Benonýsd. að upphæð
541,33 kr
Eftir öll þessi ~~gjöld~~ o skuldaskil var
fundi slitið

Elsa Bjarnadóttir

58. fundur

Miðvikudaginn 22. marz 1950 var haldinn fundur í Kvennfélaginu á Hvammstanga Fundarstjóri var nefnd ~~...~~ Þorbjörg Ólafsd. 13 konur voru mættar tvær konur gengu í félagið þær frú Guðrún Jónasdóttir og frú Kristín Gunnarsd. voru þær boðnar velkomnar af öllum meirihluta atkvæðum. Lesin voru lög félagsins. Frú Karolína Jóhannesd. skýrði frá eign félagsins Þorbjörg Ólafsdóttir las seinustu fundargjörð og var hún samþykkt.
Frú Þóra kom með þá tillögu að halda stóra skemmtun í samráði við Kirkjukór Hvt. til ágóða til kirkjubyggingar, frú Karolína kom með þá tillögu að annað hvort gæfi kvennfélagið vissa fjárupphæð eða eða það starfaði að sjálfstæðri skemmtun.
Frú Þorbjörg nefndi þrjár konur til að athuga hvort hægt væri að halda skemmtun í vor, það voru Kristín Gunnarsd. ~~Ingibjörg Jónasdóttir~~ Marta Albertsdóttir og Þóra ~~Sigvaldad.~~
Þóra bar fram tillögu um það hvort kvennf. lagið ætti ekki að beita sér fyrir að komið yrði upp trjá og blómagarði fyrir staðinn, til að athuga málið voru kosnar. Frú Ingibjörg Jónasd. Frú Lilja Jakobsd. Sigríður B. Guðjónsd. Jórunn Jakobsd. Fleiri mál voru ekki rædd.
Guðrún Stefánsd. las upp kvæði og sögur.
Fundi slitið
Elsa Bjarnadóttir

59 fundur

Fundur var haldinn í Kvennfélaginu á Hva. 14. júní 1950.

Formaður var fjarverandi og var Frú Þóra Sigvaldadóttir nefnd sem formaður, [illegible]

Fundarstjóri var Ingibjörg Jónsdóttir ritari Elsa Bjarnad.

Komið hefir fram ósk frá Frú Jóninu S Líndal um að fá að hafa hér sambandsfund fyrir V-Hún. Samþykt var að reina það annað hvort að kaupa veitingar á hótelinu eða sjá um það sjálfar

Fulltrúar voru kosnir til að mæta á fundinum Frú Þóra Sigvaldad. og Frú Þorbjörg Ólafsd.

Einnig var listigarðsmálið rætt og var Frú Þóru falið að kynna sér með land girðingarefni og fræja.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá

Fundi slitið

Elsa Bjarnadóttir

60 fundur.

Fundur var haldinn í Kvennfélaginu á Hva. 24 sept. 1950

Fundarstjóri var Ingibjörg Jónsdóttir

12 konur voru mættar.

Frú Þóra talaði um mál frá sambandsfundi þar sem farið var fram á að kvennfélögin létu einhverja upphæð á ári hverju renna til byggingar elliheimilis fyrir V-Hún. Einnig minntist hún á að hafa dansskemmtun á næstunni.

Frú Margrét Jóhanesd. talaði um að félagið gengist fyrir að hafa kaffikvöld, seldi kaffi og fólkið spilaði og skemmti sér. fékk það mjög góðar undirtektir

Frú Steinvör ræddi um að reina að hafa dans-skemmtun ef hægt væri að fá ódýra músik

4 konur voru kosnar til að sjá um það Ingibjörg Jónsd. Guðrún Jónasd. Inga Daníelsd. og Elsa Bjarnad.

Bréf var lesið frá hreppsnefnd Hva. um að hreppurinn byður fram land endurgjaldslaust fyrir sunnan Melland fyrir þennan fyrirhugaða trjá eða listigarð. Frú Inga Daníelsd. taldi að

það mindi ekki vera heppi-legi land
sökum snjóþingsla en talaði einnig um
hvort nefagirðingin mundi ekki vera heppilegri
samþykt var að fá einhvern t.d. Sig Pálmason
til að athuga þetta og einnig hvað þirfti
mikið girðingaefni o.fl.

Fundi slitið

Elsa Bjarnadóttir

61. fundur.

Fundur var haldinn í kvennfélaginu á Hva.
2 nóv. 1950. fundarstjóri var frú Steinvör
Benónýsdóttir 16 konur voru mættar.
Elisabet Ólafsdóttir gekk í félagið með
samþykkt allra sem á fundi voru
Formaður skýrði frá því að ágóði af
dansskemmtun félagsins í haust hefði
verið rúmar 108 kr.
Frú Þorbjörg Ólafsdóttir ræddi um að félagið
hefði kaffikvöld stöku sinnum í vetur.
til ágóða fyrir væntanlegt elliheimili í
V-Hún. Ýmsar fleiri konur létu heyra
álit sitt á þessu máli og voru því
samþykkar að það yrði reynt. Formaður
kaus síðan 5 konur í nefnd til að sjá
um þetta fyrsta kaffikvöld voru það: Margrét
Jóhanesd. Þorbjörg Ólafsd. Jórunn og Lilja Jakobsd.
og Sigríður Guðjónsd.
Formaður minntist á að ákveðið hefði verið
í fyrra að reyna að halda stóra skemmtun
í félagi við kirkjukórinn.
Frú Þorbjörg Ólafsdóttir stakk upp á hvort ekki

63. fundur

Aðalfundur var haldinn í Kvenfélaginu á Hva. 21. jan. 1951.

17. konur voru mættar. Kosið var í stjórn. Kosningu hlutu:

form. Þóra Sigvaldad.

gjaldk. Margrét Jóhanesd.

ritari. Elsa Bjarnad.

Í varastjórn voru kosnar

form: Ingibjörg Jónsd.

gjaldk. Þorbjörg Ólafsd.

ritari. Guðrún Jónasd.

Einnig voru kosnar til að mæta á sambandsfundi í vor, kosningu hlutu Kristín Gunnarsd. og Ingibjörg Jónsdóttir, varafulltrúar voru kosnir Karolína Jóhanesd. og Guðrún Sveinsd.

Lesnir voru upp reikningar félagsins og þeir samþyktir. Rætt var um að hafa spila og kaffikvöld, til þess voru nefndar: Inga Daníelsd. Guðrún Sveinsd. Signin Jónsd. Marta Albertsd. Karolína Jóhanesd. Elsa Bjarnad.

Einnig var rætt um hvort hægt mindi vera að leika Þóra Reipstiffyrir félagið leikritabók eftir Jakob Jónsson er kostaði 40,00 kr. Til að athuga með leik voru nefndar Þóra Sigvaldad. Kristín Gunnarsd. og Ingibjörg Jónsd.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá kaffi drukkið fundi slitið

ritari

Elsa Bjarnadóttir

64 fundur

Laugardaginn 14 april 1951 var fundur haldinn
í Kvennfélaginu á Hva. 11 konur voru mættar
Formaður setti fundinn. Bað hún Ingibjörgu Jónsd.
að vera fundarstjóra og Margréti Jóhanesd. ritara
Les~~nar~~ ~~voru~~ upp fundargerð síðasta fundar og
hún samþykkt. Þar næst las fundarstjóri upp
bréf frá Jósefínu Helgad. þess efnis að
Kvennfélagasamband Íslands gefur Kvennfélögunum
kost á kennara í matreiðslu á þessu vori aðallega
sýnikennslu, kennari Guðrún Jensdóttir. Ennfremur
muni Halldóra Eggertsd. ferðast um á vegum
K.f.Í. í vor sýna skuggamyndir kalda fyrirlestra
um innréttingu húsa og fleira. Geta þau félög
sem þess óska fengið hana að kostnaðarlausu
til að sýna, þá var þess getið að Kvennfélögunum
væri gefinn kostur á pressugeri til heimilis-
notkunar og mundi K.f.Í. sjá um útvegun
þess til félagsmanna. Rætt var um efni bréfsins.
Lítill áhugi var fyrir matreiðslukennaranum
en ákveðið að óska eftir konu Halldóru ef hún
yrði hér á ferð. Aðeins 2 konur sýndu áhuga
fyrir pressugerinu þær Þorbjörg Ólafsd. og Elísabet
Ólafsd.

Þar næst gerði formaður grein fyrir fjárhagslegum
árangri af leiksýningu félagsins 7. og 8. april
þegar sýndur var sjónleikurinn „Almannarómur"
Tekjur að frádregnum kostnaði reyndist vera 2479,10 kr
Kom form. með þá tillögu að gefa til kirkjunnar
1000 kr og var það samþykkt einróma. en ákveðið
að afhenda það ekki strax, heldur að leggja það
í sérstaka bók sem yrði í höndum félagsins
fyrst um sinn ef bætt yrði í hana síðar meir
Þá var skýrt frá því að hreinar tekjur af Kaffi-
kvöldi er haldið var í jánuar voru kr 344,70
Var ákveðið að verja þeim eins og fyrr í
elliheimilissjóð V-Hún. og bæta við það með
tímanum svo það yrði kr 1000,00 Er það
lagt inn í sérstakann reikning við sparisjóðinn
hér bók No 1749. og er hún í höndum félagsins
Kristín Gunnarsd. kom með skilaboð frá
Jósefínu Helgad. þar sem hún býður Kvenfélaginu
að reyna útvega því saumakonu eftir miðjan
maí. En þar sem konum þótti þá of áliðið
vors til að hafa saumanámskeið, var það boð
afþakkað.
Að síðustu tók formaður fyrir garðmálið.
Hvatti hún konur mjög til að hefjast handa

nú í vor og láta viðja garðland og girða ef kostur væri. Umræður voru nokkrar um málið ræddi Þorbjörg Ólafsd. um að konur beittu sér heldur fyrir að prýða hina fyrirhuguð barnaskólalóð sem hreppurinn væri þegar búinn að mæla út. En stofnkostnaður við garðinn helt þó hún mundi verða svo mikinn að kvennfélagið mundi ekki rísa undir því. Aðrar konur mæltu heldur með sínum garði og var rætt um að fá sérfróðan mann til að gera efnisáætlun og skipuleggja garðstæðið. Málið var síðan tekið út af dagskrá

Fundi slitið

Elsa Bjarnadóttir

65 fundur

Laugardaginn 19 maí 1951 var fundur haldinn í Kvennfélaginu á Hvo. 15 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og nefndi Ingibjörgu Jónsdóttir fundarstjóra en Margréti Jóhanesd. ritara. Lesin var upp fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt. Formaður tók fyrir garðmálið og skírði frá störfum nefndarinnar. Voru þau aðallega þessi Búið er að fá loforð hjá Sig. Davíðssyni fyrir garðstæði gefins (refagirðinguna) ef það þikir hentugra en það sem hreppurinn vildi láta, þá var talað við Sigurð Jónsson Varmahlíð að ráði skógræktarstjóra viðvíkjandi garðinum og lofaði hann að koma og leiðbeina að kostnaðarlausu, þegar það væri undir það búið að hefja verkið. Kvatti form. konur til að ákveða hvort leggja skildi í verkið eða ekki. Eftir nokkrar umræður var ákveðið að leggja í verkið strax og kostur væri á og konur hjálpuðu til eftir ástæðum.
Jósefína Helgad. kom með þá tillögu að félagið syndi leikinn „Almannarómur" einusinni í vor og bjóst hún við að ágóði mundi renna til

kaupa á girðingarefni utan um garðinn.
Ekki þótti það þó fært en ákveðið að hafa
dans og kaffikvöld á næstunni. Voru
4 konur til þess nefndar Karolína Jóhannesd.
Guðrún Jónasd. Sigrún Jónsd. Ingibjörg Jónsd.
Jósefína Helgad. sagði þvi næst frá skemmtun
sem Kvennaband V-Hún ætlaði að halda
til styrktar dvalarheimilis og mæltist til
að konurnar létu sinn bögglinn hver.
Að síðustu var rætt um að reyna að
hafa saumanámskeið í haust ef kostur
væri á

Fleira var ekki á dagskrá
fundi slitið

Elsa Bjarnadóttir

66. fundur

Fundur var haldinn í Kvennfélaginu
á Hva. 8. nóv. 12 konur voru mættar
Til umræðu var fyrirhugað saumanámskeið
sem Kvennfélagið gengst fyrir
Búið er að ráða kennara Ástu Stefánsd.
Ákveðið var að félagið tæki á einhvern
hátt þátt í kostnaðinum. Rætt var um hvort
gjaldið skyldi vera hærra utanfélagskonur
en var þó ákveðið ~~75~~ að hafa það jafnt fyrir
allar var stundið upp á 75kr gjaldi á viku
og þótti það hæfilegt, það varð úr að frú
Steinvör lánaði kennslustofu og tæki kennarann
Frú Ingibjörg Jónsd. og frú Kristín Gunnarsd.
sögðu fréttir af sambandsfundi sem haldinn
var í Ásbyrgi í sumar þar var rætt um
dvalarheimilið sem reisa á þar og Björn
Jónasson hefir gefið lóð undir. Frú Jósefína
stakk upp á að bora fyrir vatni í haust
en þar sem fé vanta til þess var tillagan
feld. Ákveðið var að reyna í vetur að safna
peningum til málefnisins. 5 konur voru nefndar
til aðannast næsta kaffikvöld Kristín Gunnarsd Guðrún Svein
Jakobína Elísabet og Margrét Jóhanesd.
Fundi slitið. Elsa Bjarnad.

67. fundur

Fundur var haldinn í Kvennfélaginu á Hva 12. des. 1951. 9 konur voru mættar Lesin var upp síðasta fundargjörð og hún samþykt. Lesið var upp bréf frá frú Jósefínu Helgadóttur varðandi dvalarheimili sem hún er alltaf mjög fylgjandi.
Frú Elsa Bjarnad. skírði frá saumanámskeiði sem haldið var í nóvember og des.
Rætt var um fyrirhugaða jólatrésskemmtun og kosnar 3 konur til að sjá um hana það voru Elísabet Ólafsd. Sigríður B. Guðjónsd. og Elsa Bjarnadóttir

68. fundur

Aðalfundur Kvennfélagsins á Hva. var 12. febr. 1952. 19 konur voru mættar kosin var stjórn sem þóra Sigvaldad. ~~ritari~~
ritari Elsa Bjarnadóttir
gjaldkeri Margrét Jóhanesd.
Greidd voru ársgjöld Kristín Gunnarsdóttir og Ingibjörg Jónsd. voru kosnar til að mæta á sambandsfundi í vor.
Rætt var um dvalarheimilið Ingibjörg Jónasd. ræddi um málið og var því mjög fylgjandi að hafist yrði handa strax og færi þetta.
Lesin var upp eign félagsins.
Samþykt var að félagskonur ræstu ekki salinn eftir sínar skemmtanir greiddu heldur meiri leigu.
Síðan var kaffi drukkið rabbað um daginn og veginn

Fundi slitið

Elsa Bjarnadóttir

69. fundur

Fundur var haldinn í Kvennfélaginu á Hva. 1. mai 1952
Lesið var upp bréf frá Blönduósskóla þar sem einni konu er boðið að dvelja í skólanum dagana 10-13 mai í vor og varð Margrét Jóhanesdóttir fyrir valinu.
Lesið var upp bréf frá Sig. Davíðssyni þar sem hann gefur félaginu 900 ferm. land undir skrúðgarð, landið er milli Ásgarðs og Ásbrekku
Rætt var um að reina að afla fjár alltaf eru nóg verkefni datt konum í hug að reina að fá Miðfjarðarkórinn til að syngja hér á næstunni málið er til athuganna
Fleira markvert var ekki rætt
Fundi slitið

Elsa Bjarnadóttir

70. fundur

Sunnudaginn 3 ágúst var fundur haldinn í K. H. 10 konur voru mættar
Form. setti fundinn og bað Ingibjörgu Jónasd. að vera fundarstjóra en Margréti Jóhannesd. ritara.
Byrjað var á að lesa upp fundargjörð síðasta aðalfundar K. B. þá var lesið upp bréf frá Fjársöfnunarnefnd handritasafnsbyggingarinnar um fjársöfnun yfir Árnasafnið var ákveðið að gefa 200,00 kr í því skini.
Form. bar fram þá tillögu að kvennfélagið gæfi 1 drátt á happdrætti sem kvennabandið efndi til. til ágóða fyrir elliheimilið.
Var því vel tekið og ákveðið að kaupa 12 m. kaffistell á kr 350,00 og gefa það.
þá var lesið upp bréf frá form. K. B þar sem hún skýrir frá tilboði Björn Jónassonar að hann gefi kvennabandinu kost á að kaupa íbúðarhús sitt á Laugabakka fyrir kr 140,000 Hafi mál þetta verið lítillega verið rætt á aðalfundi K. B. og skuli nú greiða um það atkvæði heima í kvennfélögunum hvort tiltækilegt þætti að kvennabandið réðist í kaup á því t. til. að geta byrjað rekstur elliheimilis.
Nokkrar umræður urðu um málið og voru konurnar sammála um að elliheimili fyrir sýsluna ætti að reka og byggja í sambandi við sjúkraskýlið á Hvo. Töldu að rekstur tveggja stofnana gæti orðið ódýrari með því móti Voru síðan greidd atkvæði um málið já sagði enginn
Nei sögðu 7 3 konur greiddu ekki atkvæði
Svo kom fram tillaga um að minnast Margrétar Björnsdóttur Laufási á 100 ára afmæli hennar 12 sept. n. k. með samsæti eða á annan hátt var því vel tekið og athuðu konur að athuga málið.
Fleira var ekki gert Fundi slitið

Elsa Bjarnadóttir

71. fundur

Fundur var haldinn í Kvennfélaginu á Hoa 25 október 1952
Lesin var upp fundargjörð frá aukasambands fundi varðandi kaup á húsi Björns Jónassonar til elliheimilis fóru atkvæði þannig í kvennfélögunum með kaupunum voru kvennfélagið í Miðfirði og Víðidal
móti voru: kvennfélögin á Hvammstanga og í Þverárhreppi Staðarhreppur var hlutlaus og var því tillagan feld.
lesin var upp fundargjörð síðasta fundar og hún samþykt
12 sept. var samsæti haldið ~~til heiðurs~~ á vegum Kvennfélagsins til heiðurs Margréti Björnsd. á 100 ára afmæli hennar og einnig færði félagið henni hægindastól að gjöf, kostnaður við þetta var kr 796,00
Rætt var um saumanámskeið en þátttaka reyndist ekki nó svo ekki varð úr því
Fundi slitið
Elsa Bjarnadóttir

72. fundur

Aðalfundur var haldinn hjá Kvennfélaginu á Hoa 25. jan. 1953
13. konur voru mættar
Formaður setti fundinn sem hófst með kaffi drykju. Tvær konur gengu í félagið þær frú Helga Ágústsdóttir og frú Málfríður Jósafatsd. og voru þær boðnar velkomnar með öllum greiddum atkvæðum.
Kosin var stjórn sem þessar konur skipa
form. Þóra Sigvaldadóttir
gjaldk. Margrét Jóhannesdóttir
ritari Elsa Bjarnadóttir
varastjórn
form. Ingibjörg Jónsdóttir
gjaldk. Kristín Gunnarsdóttir
ritari Guðrún Jónasdóttir
Til að mæta á sambandsfundi í vor, voru kosnar Kristín Gunnarsd. og Ingibjörg Jónsdóttir til vara Karolína Jóhannesdóttir og Guðrún Sveinsdóttir. Lesnir voru upp reikningar og þeir samþyktir Hrein eign félagsins á áramótum var 4174,60 kr. Rætt var um hvort hægt myndi að

hafa skemmtun seinna í vetur fá karlakórinn til að syngja eða reyna að æfa leik og verður það tekið til athugunar.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir
fundi slitið

Elsa Bjarnadóttir

73. fundur

Fundur var haldinn í Kvennfélaginu á Hva. 10 mars 1953. 12. konur voru mættar
Fundargerð síðasta fundar var lesin upp og samþykkt.
Lesið var upp bréf frá Jósefínu Helgadóttur þar sem félaginu er boðin kennslukona í matreiðslu með sýnikennslu í þrjá daga félaginu að kostnaðarlausu en það þarf að leggja til matinn sem til þarf.
Steinvör bauðst til að lána eldhús og samþykkt var að svara því þannig að félagið yrði með ef fleiri félög K B tækju þátt í því.
Félagskonum er boðið að taka þátt í þingi Húsmæðrasambands Norðurlanda í Åbo í Finnlandi í sumar ekki er talið líklegt að nein kona héðan taki þátt í því.
Rætt var um skemmtun sem halda á á næstunni samþykkt var að leika þrísval og frú Sigríður Guðjónsdóttir tók að sér að sjá um kaffi á öllum skemmtununum og velja sér konur til hjálpar
Frú Steinvör Benonýsdóttir las upp kvæði
frú Ingibjörg Jónsdóttir las upp kvæði

fundi slitið Elsa Bjarnad

74. fundur

Fundur var haldinn í Kvennfélaginu á Hvammstanga 12. júní 1953
Lesin var upp fundargjörð síðasta fundar og hún samþykkt.
Lesið var upp bréf frá áfengisvarnarnefnd varðandi bruggun áfengra drykkja í landinu var félagið beðið að senda athugasemd hvort það væri með eða mót, ekki var gengið frá þessu máli.
Þóra ræddi um garðmálið þar sem ekkert hefur enn gerst í því máli var Helga Ágústdóttir kosin til viðbótar í nefndina sem fyrir var og nefndin beðin að halda málinu vakandi.
Kristín ræddi um dvalarheimilismálið hvort við ættum að halda áfram að safna til þess og var það talið sjálfsagt hvenær sem til framkvæmda kæmi
Karolína ræddi um að biðja Jósefínu að útvega okkur jólaskraut fyrir næstu jól og einnig að láta gera við jólatréseríu félagsins og var það samþykkt fundi slitið
Elsa Bjarnadóttir

75. fundur

Fundur var haldinn í Kvennfélaginu á Hva. 4. okt. 1953
Frú Elsa Bjarnadóttir sagði frá tilboði sem félaginu hafði borist frá Ástu Kristjánsd. um að halda saumanámskeið, málið var rætt en ekkert ákveðið, þar sem búið var að fela frú Jósefínu Helgad. að útvega saumakennara fyrir Kvennfélagið
Einnig var ákveðið að tala við Guðnýju Benidiktsd. síðu hvort til mála kæmi að hún vildi taka saumanámskeið
Frú Margrét Jóhanesd. las upp svohljóðandi tillögu frá aðalfundi K. B.
Fundurinn ákveður að leggja fyrir Kvennfélögin innan sambandsins til ákvörðunar, eftirfarandi:
1. Vilja félögin að tekin verði upp samningar við sýslunefnd Vestur Húnavatnss. um að reist verði bygging við sjúkraskýlið á Hva. og verði þar dvalarheimili fyrir aldrað fólk
2. K. B. leggi fram ákveðna fjárupphæð til

byggingarinnar. enda verði þar inni fyrir eigi færri en 12 vistmenn
3. Sýslunefndin annist rekstur dvalarheimilisins með sjúkraskýlinu.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá fundi slitið

Elsa Bjarnadóttir

76. fundur

Fundur var haldinn í Kvennfélaginu á Hva. 4. des. 1953 12 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og nefndi til fundarstjóra Kristínu Gunnarsdóttur en ritara Margréti Jóhannesd.
Enginn fundargerð lá fyrir frá síðasta fundi, en fundarstjóri las upp fundargerð frá síðasta aðalfundi K.B. sem haldinn var í Víðihlíð.
Skýrt var frá fjárhagsafkomu saumanámskeiðsins sem var ný afstaðið hjá félagi. Stóðust á tekjur og útgjöld, að með reiknuðum styrkjum frá K.B. og K.I.

Námskeiðið stóð í 2 vikur, kennari var frk. Vilborg Björgvinsdóttir úr Reykjavík
18 nemendur yngri og eldri sóttu námskeiðið að einhverju leiti.
Þá var tekið til umræðu jólatrésskemmtun Karolína Jóhannesd. kom með þá tillögu að minnka svæði það er boðið væri af. á skemmtunina eða helst takmarka það við Hvammstanga þar sem húsrúm væri takmarkað. En svæði þetta hefir verið

að smá-slakka og hefur að undanförnu verið boðið af svaðonu frá Grafarkoti að Kárastöðum. Talsvert var um þetta rætt en að lokum komist að þeirri niðurstöðu að best væri að hafa það eins og áður annað gæti valcið óánægju, þá skyldu konurnar með sér vörkum, bökstri og öðru sem gera þurfti. Fleira var ekki gert
Fundi slitið.

Elsa Bjarnadóttir

77. fundur.
Aðalfundur var haldinn í Kvennfélaginu á Hvs. 24 febrúar 1954
18 konur voru mættar
Formaður setti fundinn og stjórnaði honum
2 konur gengu í félagið þær frú Jóhanna Björnsdóttir og Sigríður Sveinbjarnardóttir og voru þær boðnar velkomnar með öllum greiddum atkvæðum.
Fundargerð frá 4 okt. '53 var lesin upp og samþykkt, einnig var lesin upp fundargerð frá 4 des. '53 og hún samþykkt
Lesið var upp bréf frá frú Jósefínu Helgadóttur þakkar hún fyrir sálmabók sem félagið lagði í ásamt hinum kvennfélögunum í V-Hún.
Lesin voru upp lög félagsins
Ein kona á að ganga úr stjórn og var varpað um það hlutkesti og var það Elsa sem út á að ganga
Kosin var ritari og var það Guðrún Jónasdóttir og til vara Elisabet Olafsdóttir.

Stjórn félagsins skipa því
formaður Þóra Sigvaldad.
gjaldkeri Margrét Jóhannesd.
ritari Guðrún Jónasdóttir
Til að mæta á sambandsfundi í vor
voru kosnar
Ingibjörg Jónsdóttir og
Karolína Jóhannesd. til vara
Steinvör Benónýsdóttir og
Elsa Bjarnadóttir.
Formaður kom með þá tillögu að
félagskonur héldu sér og mönnum sínum
hóf t.d. með hangikjöti o. fl. og var
það samþykkt að reyna að drífa það
upp á öskudaginn.
Marta Albertsd. kom með þá tillögu
að félagið ætti að færa frú Ingibjörg Breim
einhverja minningar gjöf í vor er
þau fara, var málið rætt en ekki
afráðið.
Fleiri mál komu ekki fram var
svo kaffi drukkið og sungin nokkur
lög. Fundi slitið
Elsa Bjarnadóttir